Þýtt úr ensku:

Apr 2002

Samningsákvæði
(eiga við um þjónustusamninga NASKEF sem lægri eru en $100.000)

1. Almenn ákvæði, kjör og skilmálar

A. Almennar kröfur

Yfirlýstur og samþykktur tilgangur og markmið er að öll vinna, efni, búnaður, flutningur og stjórnun, sem krafist er til að framkvæma það verk sem tilgreint er í samningi þessum og framkvæma á í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, sé þannig að mannvirkið sé fullfrágengið og tilbúið til notkunar. Samingur þessi veitist þeim verktaka sem leggur fram ábyrgt og hagstætt tilboð.

B. Umfang verks

C. Staðsetning verks:

D. Verkáætlun

a. Ákvæði verksamnings.
Gera skal verksamning til XXXX daga/mánaða miðað við gildistöku frá XXXX, eða 15 dögum eftir undirritun verksamnings. Innihaldi verksamningur þessi valmöguleika varðandi verkþætti, tíma eða verklag, er verkkaupa í sjálfsvald sett hvort hann nýtir sér einhverja valmöguleika verksamnings þessara. Bandarríska ríkisstjórnin er ekki skuldbundin til þess að nota neina valmöguleika.

b. Undirbúningur fundar.
Innan XXXX daga frá undirritun verksamnings og áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki mæta til undirbúningsfundar með fulltrúum yfirmanns verksamningsgerðar sem boðaður verður af yfirmanni verksamningsgerðar til að ræða ýmis stjórnunaratriði og koma á gagnkvæmum skilningi aðila á stjórnun og tilhögun verksins.

c. Vinnustundir.
Starfsaðstaðan er opin allan framkvæmdartímann og verktakinn skal haga sinni vinnu þannig að sem minnst truflun verði á venjulegri starfsemi staðarins. Venjubundinn vinnutími í Varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli er frá kl. 8.00 - 17.00 frá mánudegi til og með föstudags að undanskildum alríkis frídögum. Í þeim tilvikum að verktaki telji sig þurfa að vinna utan venjubundins vinnutíma, á laugardögum, sunnudögum eða helgidögum, skal slík beiðni sérstaklega borin upp við fulltrúa verkkaupa til samþykktar með minnst þriggja daga fyrirvara. Verktaki skal ávallt sjá um fullnægjandi vinnulýsingu vinnusvæða sinna.

E. Rafmagn og vatn

Rafmagn og vatn fyrir verktaka getur verið fyrir hendi vegna verksins, honum að kostnaðarlausu, nema annað sé tekið fram í verksamningi. Verktaki skal greiða allan kostnað vegna tenginga, breytinga og framlenginga vegna rafmagns og vatns. Verktaki skal annast

tengingar og aftengingar, og hann skal útvega straumbreyta, bakflæðisvarnir og annan tengdan búnað.

F. Efni og búnaður sem opinberir aðilar útvega
(Á ekki við nema annað sé tilgreint í samningi)

G. Ásættanlegar tafir

Verktaki er ábyrgur fyrir vanefndum og töfum nema af orsökum sem verða ekki raktar til hans, t.d. náttúruhamfarir eða ófriðarástand, aðgerðir stjórnvalda, eldsvoði, flóð, sjúkdómafaraldrar, einangrun vegna sjúkdóma, verkföll, óvenju slæmt veður, og tafir vegna flutninga. Verktaki skal tilkynna skriflega yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) svo fljótt sem auðið um ástæður tafa og skal hann gera nákvæma grein fyrir þeim ásamt því hvenær þeim lýkur.

(lok greinar)

H. Samþykkt

Framkvæmd og gæði vinnu verktaka, þ.m.t. sú þjónusta sem veitt er og sérhver gögn og skriflegt efni varðandi verkið, skulu háð eftirliti, skoðun og samþykki verkkaupa.

I. Orkuhagkvæmni

Verktaki skal virða allar áætlanir varnarliðsins um hagkvæma orkunýtingu. Leita skal samþykkis yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) áður en orkufrek verkfæri eða búnaður er notaður.

J. Eldvarnir

Verktaki og starfsmenn hans skulu hafa þekkingu á gangsetningu eldviðvarana. Meðferð verktaka og geymsla eldfims búnaðar, efna og úrgangs skal vera þannig að fólki, mannvirkjum, búnaði og efnum stafi ekki hætta af. Starfsmenn verktaka, sem vinna með hættulegan búnað eða efni, skulu sérstaklega þjálfaðir í réttum viðbrögðum ef eldviðvörun er gefin eða eldsvoði verður.

K. Reglugerðir um umhverfismál

Verktaki skal virða og framfylgja öllum umhverfisverndarlögum, reglugerðum og stöðlum ríkis og sveitarfélaga. Verktaki skal bera öll umhverfisverndarmál undir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer). Yfirmaður umhverfisverndarmála (Activity Environmental Protection Coordinator) eða annar opinber aðili kann að skoða framkvæmdir á vegum verktaka hvenær sem er og án fyrirfram tilkynningar þar að lútandi. Í því tilviki að opinber stofnun grípi til sektarákvæða gegn bandarískum stjórnvöldum vegna brota af hendi verktaka í starfi hans skal verktaki endurgreiða bandarískum stjórnvöldum sektina og tengdan kostnað. Verktaki skal hreinsa alla umhverfismengandi olíu eða efni vegna starfsemi hans á eigin kostnað. Verktaki skal ekki skapa hermönnum eða borgaralegum starfsmönnum óþægindi eða hættu.

L. Starfsmenn verktaka

a. Verktaki skal láta yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té nöfn stjórnunarstarfsmanna sinna sem starfa í umboði hans.

b. Verktaki skal hafa á sínum vegum fullnægjandi fjölda hæfra starfsmanna til þess að framkvæma verkið, verkstýra því og stjórna á allan hátt.

c. Starfsmenn verktaka skulu vera faglegir í vinnubrögðum og framkoma þeirra allan stað kurteisisleg.

d. Verktaki skal fjarlægja án tafar af vinnusvæði hvern þann starfsmann sem yfirmaður samningsgerðar (Contracting Officer) telur að brjóti gegn almenningshagsmunum eða af öryggissjónarmiðum.

e. Allir starfsmenn verktaka skulu skilmerkilega merktir með nafnspjaldi, einkenni eða stöfum á áberandi stað á ytri fatnaði þeirra. Slík merking kemur ekki í stað aðgöngupassa eða skilríkja sem heimila aðgang að varnarsvæði.

M. Teikningar og áætlanir með skilgreiningum

Eftirfarandi teikningar og uppdrættir fylgja skilgreiningum þessum og eru hluti þeirra. Teikningar og uppdrættir eru eign bandarískra stjórnvalda og óheimilt er að nota þær á neinn annan hátt en fram kemur í skilgreiningum þessum. Verktaka verður afhent allt að þrjú eintök af teikningum og skilgreiningum vegna verks. Verktaka er heimilt að afla upplýsinga sem fyrir hendi eru og sækja kostnað vegna viðbótarteikninga og skilgreininga til yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

PW D # NAVFAC # Heiti:

N. Almenn ábyrgð

Verktaki skal, nema annað sé sérstaklega tekið fram, ábyrgjast alla vinnu sem framkvæmd er samkvæmt samningi þessum og ábyrgjast að ekki séu neinar ágallar í efni eða vinnu í tvö (2) ár eftir að yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur samþykkt verkið. Lagfæra skal sérhvern ágalla sem fram kemur á ábyrgðartíma, þ.m.t. vinna og tengdur kostnaður.

O. Leyfi

Verktaki skal útvega, án aukakostnaður fyrir bandarísk stjórnvöld, öll leyfi og heimildir sem krafist er til framkvæmda á verkinu skv. samningi þessum. Verktaki skal starfa í fullu samræmi við gildandi lög og reglur ríkis og sveitarfélaga. Verktaki skal láta yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té staðfestingu á því að slíkra leyfa og heimilda hafi verið aflað áður en verk hefst og á sérhverjum tíma sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) óskar slíks.

P. Verkstjórn verktaka

Verktaki skal sjálfur stýra framkvæmd verksins eða hafa til þess bæran verkstjóra eða stjórnanda, sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir, og skal hann vera á vinnusvæði með fullt umboð verktaka til verkstjórnar. Verktaki eða annar samþykktur verkstjórnandi skal geta lesið, ritað og talað ensku vel.

Q. Slysaskýrslur

Verktaki skal halda nákvæma og rétta skrá, og tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), um öll slys sem leiða til dauða, alvarlegs áverka, starfstengdra veikinda, eða tjóns á eignum, efni, birgðum og búnaði vegna framkvæmda skv. samningi

þessum. Tilkynna skal yfirmanni verksamningsgerðar um slík tilvik innan sólarhrings frá því það á sér stað.

R. Verndaraðgerðir og viðgerðir

Gæta öryggis núverandi mannvirkja, innréttinga þeirra og innihalds, og öll starfsemi á vinnusvæði skal vera innt af hendi á öruggan hátt. Verði tjón á eignum eða núverandi starfsemi verði fyrir áföllum eða áhrifum á annan hátt vegna starfsemi verktaka, skal bæta þar um og færa í fyrra horf á kostnað verktaka áður en verk heldur áfram. Verktaki skal, við framkvæmd verksins, fara að reglum varnarstöðvarinnar og skal grípa til samþykktra aðgerða til verndar opinberum eignum og eignum í einkaeigu. Verktaki skal geyma eldfim efni á öruggan hátt fjarri opnum eldi, og hann skal fjarlægja olíutuskur, úrgang og óþörf efni að kvöldi hvers vinnudags. Verktaki skal setja upp nauðsynlegar bráðabirgðagirðingar eða veggi til þess að tryggja öryggi og vernda vinnusvæðið skv. kröfum eða tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Verktaki skal útvega og viðhalda öllum bráðabirgðagangvegum, girðingum og öðrum nauðsynlegum búnaði sem settur er upp til þess að stuðla að öryggi manna.

S. Aðgerðir gegn kröftugum vindi eða stormi

Verktaki skal verja mannvirki, búnað, efni og starfsemi gegn tjóni og eyðingu af völdum veðurs. Ef gefnar eru út viðvarnir um kröftugan vind eða storm, skal verktaki grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til þess að draga úr hættu á slysum á fólki, tjóni á vinnu og nærliggjandi mannvirkjum. Aðgerðir þessar skulu taka til lokunar allra opa, fjarlægingar allra lausra efna, verkfæra og búnaðar af opnum svæðum, og fjarlægingar eða frekari festingar vinnupalla og annarra bráðabirgðamannvirkja.

T. Tryggingar

a. Verktaki skal, án nokkurs viðbótarkostnaðar fyrir bandarísk stjórvöld, vera með gildar tryggingar fyrir allar bifreiðir, sem verktaki notar vegna verks skv. samningi þessum, og eins og krafist er fyrir bifreiðir skv. íslenskum umferðalögum, þ.e., lög nr. 50, 91. gr., dags. 24/1987, eins og þau eru og skv. breytingum sem á lögunum kunna að vera gerðar. Skuldbinding verktaka skv. þessari málsgrein á við um þær bifreiðir, sem falla undir ákvæði samnings þessa, án tillits til þess hvort þær séu í eigu verktaka eða annarra.

b. Verktaki skal jafnframt, meðan á starfsemi hans stendur innan vallarsvæðisins og á svæðum innan lögsögu hersins, vera með almenna skaðabótatryggingu að upphæð $500.000 fyrir hvert tilvik. Afrit af tryggingarskírteini skal vera til reiðu fyrir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) til skoðunar áður en vinna við verkið hefst.

c. Áður en vinna við verk það hefst, sem samningur þessi tekur til, skal verktaki láta yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té skírteini eða skriflega yfirlýsingu um tryggingar þær sem krafa er gerð um hér að ofan. Skírteini þau, sem ná til ofangreindra trygginga, skulu vera með framsalsákvæði í þá veru að niðurfelling eða efnisleg breyting á tryggingarskilmálum, sem hefur áhrif á hagsmuni bandarískra stjórnvalda vegna viðkomandi tryggingar, komi eigi til framkvæmda á tímabili sem tilgreint er í lögum þess ríkis þar sem samningur þessi er til framkvæmda og, alls ekki, innan 30 daga eftir að skrifleg tilkynning þar að lútandi hefur verið send yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer). GUÐM. SKOÐA ALLA GREININA.

d. Verktaki samþykkir að setja inn ákvæði þessarar greinar, þ.m.t. málsgr. 3, í alla undirsamninga skv. samningi þessum.

U. Munnlegar breytingar

Engar munnlegar yfirlýsingar nokkurs annars aðila en yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) geta á nokkurn hátt eða í neinum mæli breytt eða haft áhrif á ákvæði samnings þessa. Verktaki skal eigi gera neinar breytingar eða aðlögun samnings þessa á grundvelli fyrirmæla viðskiptavinar eða nokkurs einstaklings að undanskildum yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) eða fulltrúa hans.

V. Reglur á varnarsvæðum

Verktaki og starfsmenn hans, og sérhver undirverktaki, skulu þekkja og fara eftir öllum reglum sem gilda á varnarsvæðinu, þ.m.t. reglur um starfsöryggi, eldvarnir, umferð og öryggisreglur hersins. Allir starfsmenn varnarstöðvarinnar skulu halda sig innan eigin vinnusvæða (og viðeigandi aðkomu- og brottfararleiða), og skulu eigi fara inn á bannsvæði nema þess sé óskað og eftir að hafa hlotið formlega heimild til þess.

W. Bifreiðir verktaka

Allar bifreiðir verktaka, sem notaðar eru á vallarsvæðinu, skulu vera í fullkomnu lagi og vel við haldið, og með fulla heimild til notkunar á Íslandi.

X. Gildandi lög og fylgni við þau

Verktaki skal fylgja til fullnustu íslenskum lögum og reglugerðum, og tengdum reglum, þ.m.t. ráðuneyta og annarra opinberra stofnana, sem eiga við um verkframkvæmd og þjónustu þá sem inna á af hendi skv. samningi þessum, og verktaki skal, skv. beiðni þar að lútandi frá yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), láta bandarískum stjórnvöldum í té staðfestingu á því að lögum og reglugerðum sé fylgt.

Y. Reikningar verktaka

Við verklok og eftir að bandarísk stjórnvöld hafa samþykkt verkið, skal verktaki gera yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) reikning fyrir vinnu sinni. Einungis skal gera einn reikning við verklok nema annað sé tekið fram eða yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir.

Z. Ekkert réttindaafsal stjórnvalda

Láti bandarísk stjórnvöld hjá líða, í einu eða fleiri tilvikum, að krefjast fullnustu framkvæmdar einhvers eða einhverra ákvæða samnings þessa, eða að neyta einhvers vals skv. samningi þessum, skal eigi líta svo á að um afsal eða eftirgjöf einhverra réttinda sé að ræða um fullnustu og framkvæmd slíkra ákvæða eða réttinda síðar meir.

AA. Íslensk lög

a. Samningur þessi, sem gerður er vegna vinnu á viðkomandi verksvæði, heimilar verktaka og undirverktökum hans tollfrelsi og undanþágu frá virðisaukaskatti, framleiðslu- og vörugjöldum. Í því tilviki að samningsgerð í framtíð eða túlkun samnings þessa leiði til skattgreiðslu vegna framkvæmdar samnings þessa eða undirverktökusamninga vegna hans, skal þá aðlaga samningsupphæð samsvarandi upphæð slíkra skatta sem verktaka er gert að greiða og upphæð greiðslna fyrrgreindra undirverktaka, og skal aðlaga samning þennan skriflega í samræmi við það. Verktaki

samþykkir að um leið og hann fær tilkynningu frá íslenskum stjórnvöldum um að hann eða einhver undirverktaka hans skuli, vegna framkvæmdar samnings þessa eða undirsamninga vegna hans, greiða einhverja slíka skatta, tilkynnir hann yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) slíkt án tafar. Sé verktaka gert að greiða og hann greiðir einhverja slíka skatta skal greiðsla einungis gerð með fyrirfram skriflegu samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), og í slíku tilviki að höfðu samráði við hann, er slík greiðsla innt af hendi með fyrirvara (henni mótmælt) og skal fylgja slíkri greiðslu krafa um endurgreiðslu hennar. Þrátt fyrir ofangreint og án tillits til þess hvort yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hafi gefið út fyrirmæli þar að lútandi, skal verktaki gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá endurgreidda, í tilvikum þar sem grundvöllur endurgreiðslu er fyrir hendi, allar skattgreiðslur sem verktaki eða undirverktakar hans hafa innt af hendi til íslenskra stjórnvalda. Fái verktaki eða undirverktakar hans endurgreiðslu eða frádrátt vegna slíkra skatta hjá íslenskum stjórnvöldum, og ef um er að ræða upphæðir sem hafa verið grundvöllur verðaðlögunar skv. þessari grein samnings þessa, skal verktaki án tafar greiða bandarískum stjórnvöldum viðkomandi endurgreidda upphæð. Fari yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fram á það, skal verktaki framselja á hendur bandarískum stjórnvöldum allan rétt sinn um endurgreiðslu skatta sem greiddir eru með fyrirvara (skattgreiðslum sem mótmælt er). Samningsaðilar eru sammála um þá túlkun að ákvæði greinar þessarar eiga ekki við um nein hafnargjöld sem verktaka kann að vera gert að greiða eða vegna farms sem fluttur er til eða frá Íslandi.

b. Verktaki lýsir því hermeð yfir að hann innifeli ekki í samningsupphæð og muni ekki eigi innifela í upphæð samnings þessa við bandarísk stjórnvöld, nein gjöld, eða geri ráð fyrir skattgreiðslum sem um er fjallaði í grein a. hér að framan.

c. Ákvæði málsgreina þessara um verðaðlögun taka ekki til neinna refsigreiðslna eða vaxtabreytinga sem verktaki greiðir vegna eða í tengslum við neina skatta sem hér eru tilgreindir, nema refsigreiðslna eða vaxtabreytinga sem leiða af drætti af hendi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) á því að veita fyrirfram skriflega heimild vegna slíkrar greiðslu.

BB. <u>Tollkröfur á varnarsvæðum</u>

a. Orðið „varnarsvæði" vísar til tilgreinds svæðis þar sem sérstakar tollreglur gilda. Stjórnvald í málefnum tolla á varnarsvæðunum er íslensk stjórnvöld og fer Ríkislögreglustjóri með þau mál fyrir hönd stjórnvalda. Verktaki skal þekkja og fylgja öllum tollkröfum vegna flutnings efnis, verkfæra, bifreiða, búnaðar o.fl. á og af varnarsvæðum.

b. Heimilt er að flytja tollfrjáls byggingarefni á varnarsvæðin og gilda þá eftirfarandi ákvæði:

1) Gera skal efnislista í tvíriti og afhenda hann fulltrúa tollyfirvalda við aðalhlið. Á listanum skal vera lýsing og magntölur hvers efnis um sig sem endurgreiðsla tolls er óskað vegna. Fulltrúi tollyfirvalda mun staðfesta tilvist efnisins og undirritar síðan bæði eintök efnislista. Afhenda skal fulltrúa tollyfirvalda annað eintak listans en hitt skal vera í vörslu verktaka.

2) Við verklok skal verktaki færa allt efni sem eftir er að aðalhliði og mun fulltrúi tollyfirvalda staðfesta tilvist þeirra, færa inn athugasemdir og undirrita síðan frumlista. Verktaka er þá heimilt að sækja um endurgreiðslu tollgjalda vegna efnis sem notað hefur verið á varnarsvæði.

c. Niðurbrotsefni: Losna skal við allt niðurbrotsefni, t.d. efni sem fjarlægt er úr niðurrifi, í gegnum ICELANDIC SURPLUS AUTHORITY eða það sett í landfyllingu á varnarsvæði. Verktaki býður fyrst ICELANDIC SURPLUS AUTHORITY efnin. Verktaki skal losa efni, sem ICELANDIC SURPLUS AUTHORITY tekur ekki við, á landfyllingu á varnarsvæði. Verktaki er ábyrgur fyrir niðurrifi, fjarlægingu, flutning og afhendingu alls efnis eins og tilgreint er í samningi þessum. Hugtökin „niðurrif", losun", „fjarlæging" og svipuð hugtök taka til framkvæmda verktaka á öllum verksviðum sem nefnd eru hér að ofan.

d. Bifreiðir, verkfæri og tæki: Bifreiðir, verkfæri og tæki, sem eru eign verktaka, falla ekki undir tollfrelsi það sem hér er nefnt. Jafnframt skal skrá tæki og öll stærri verkfæri hjá tollskrifstofunni áður en komið er með þau inn á eða þau tekin út af varnarsvæði. Verktaki skal afhenda tollskrifstofu lista í tvíriti þar sem fram kemur lýsing á viðkomandi hlut, nafn framleiðanda og framleiðslunúmer. Hlutir, sem hér er vísað til, eru pressur, rafalar, stór kraftverkfæri o.s.frv. Handverkfæri eins og hamrar, skrúfjárn, litlar borvélar o.þ.h. þarf ekki að skrá. Eitt eintak listans verður í vörslu tollfulltrúa við aðalhlið þar til viðkomandi hlutur fer út af varnarsvæði við verklok.

e. Frekari upplýsingar um tollamál eru veittar á íslensku tollskrifstofunni í síma 425-2208 eða 421-1538 (nr. 2208 ef hringt er úr síma á vallarsvæðinu).

CC. <u>Sanngjörn aðlögun: Afsal og afhending krafna</u>

a. Í hvert sinn sem verktaki leggur fram kröfu um sanngjarna aðlögun á grundvelli einhvers ákvæðis samnings þessa, sem gerir ráð fyrir sanngjarnri aðlögun samningsins, skal slík krafa innifela allar tegundir aðlögunar í heildarupphæðum þeim sem viðkomandi ákvæði heimilar verktaka slíktGUÐM: ATH, þar með talið en takmarkast ekki við aðlögun vegna seinkunar eða truflunar, eða bæði, sem leiðir af slíkri breytingu. Í tilvikum, nema þar sem samningsaðilar eru beinlínis sammála, skal svo á litið að verktaki hafi afsalað sér (i) aðlögun, sem hann að öðru leyti kann að eiga rétt á skv. samningsákvæði ef hann fer ekki fram á slíka aðlögun, og (ii) sérhverja hækkun upphæðar sanngjarnrar aðlögunar til viðbótar þeim sem hann hefur óskað í kröfu sinni. ATH ALLA MÁLSGREININA.

b. Verktaki samþykkir, óski yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) þess, að gefa út yfirlýsingu, á eyðublaði og á ásættanlegan hátt, til yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) sem hluti samninsviðauka þar sem fram kemur ofangreind sanngjörn aðlögun. Verktaki samþykkir jafnframt að slík yfirlýsing losar bandarísk stjórnvöld, fulltrúa þeirra, talsmenn og starfsmenn undan frekari kröfum, þar með talið en takmarkast ekki við frekari kröfur sem leiða af seinkun eða truflun eða bæði, vegna fyrrgreindrar breytingar.

DD. <u>Undirsamningar vegna vara og hluta</u>

(a) *Skilgreiningar*. Hugtakið „vörur", sem í ákvæði þessu hefur sömu merkingu og skilgreint er í gr. 52.202-1 í Skilgreiningum (Definitions), og notað er í þessari grein, vísar til flutnings vara milli deilda, dótturfyrirtækja og tengdra fyrirtækja verktaka eða undirverktaka á öllum stigum.

(b) Verktaki skal, í þeim mæli sem unnt er, innifela og krefjast að undirverktakar hans innifeli á öllum stigum, vörur og NONDEVELOPMENTAL ITEMS (?) sem hluti heildarbirgða skv. samningi þessum.

(c) Verktaki skal setja ákvæði þessarar greinar, þar með talin þessi málsgr. (c), í undirsamninga skv. samningi þessum.

EE. Úttek til þess bærra aðila

Verk, sem unnið er skv. samningi þessum, skal tekið út af íslenskum og bandarískum opinberum aðilum, þ.m.t. þeim sem vísað er til hér á eftir. Sjóherinn hefur gefið út leyfi sem heimilar bandarískum og íslenskum vinnuverndarfulltrúum að fara inn á svæði sjóhersins, án tafa og á eðlilegum tíma, til þess að framkvæma vinnueftirlitsúttektir. Leyfið tekur einnig til úttekta á öryggis- og heilbrigðisþáttum í tilvikum þar sem tilkynningar hafa verið gefnar út um að öryggi starfsmanna kunni að vera teflt í tvísýnu. Opinberum skoðunarmönnum er einnig heimilt að rannsaka slys eða veikindi starfsmanna verktaka. Jafnframt er skoðunarmönnum heimilt að kanna hvort verk sé unnið í samræmi við verkalýðslög. Verktaki skal sýna fulltrúum opinberra skoðunarstofnana ýtrasta samstarfsvilja og skal útvega þeim starfsmenn sem fylgir skoðunarmönnum eða skoðunarhópum. Starfsmenn verktaka skulu búa yfir þekkingu á þeim verkþáttum sem skoðaðir eru og skulu svara öllum fyrirspurnum þar sem upplýsinga er leitað, eftirlit eða skoðun framkvæmd á vegum viðkomandi opinberra eftirlitsaðila.

FF. Staðsetning neðanjarðarlagna

Í tilvikum þar sem röralagnir, aðrar lagnir og fyrirstaða er neðanjarðar á stöðum þar sem leggja skal nýjar lagnir og æðar skv. verksamningi, og ekki er gefið til kynna eða sagt að þær skuli fjarlægja, skal leita staðfestingar á upptöku núverandi lagna og fyrirstaða áður en nýjar lagnir eru lagðar nær næsta manholi eða mannvirki þar sem unnt er að gera aðlögun með tilliti til aðstæðna. Verktaki skal tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) ef núverandi staðsetning stangast á viðkomandi vinnusvæði við þær framkvæmdir sem skilgreindar eru í verksamningi á grundvelli málsgreinarinnar „Breyingar og breyttar aðstæður" (CHANGES AND CHANGED CONDITIONS).

GG. Ábyrgð á búnaði og tækjum

Verktaki skal ábyrgjast að allur búnaður og tæki, sem útveguð eru skv. þessari pöntun PURCHASE ORDER, sé gallalaus hvað varðar efnisgerð, frágang og uppsetningu í eitt ár frá þeim degi er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir þau. Áður en pöntun er frágengin, skal verktaki láta yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) í té skriflegar ábyrgðir fyrir hvern búnað og tæki. Verktaki skal láta fylgja hverri ábyrgð nafn, heimilisfang og símanúmer fulltrúa ábyrgðaraðila sem næstur eru þeim stað þar sem búnaðurinn og tækin hafa verið sett upp. Við uppsetningu þeirra skal verktaki merkja hvern búnað og tæki með varanlegri, olíu- og vatnsþolinni merkingu sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir. Merkin skulu fest á búnað og tæki með koparvír og reitir fyrir dagsetningu samþykkts búnaðar og tækja, og fyrir undirskrift skoðunarmanns, skulu vera auðir þar til yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur samþykkt verkið. Þegar yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur samþykkt búnað og tæki, og undirskrift skoðunarmanns fengin, skal úða merkin með vatnsþéttu sílíkonlagi. Á merkjunum skulu vera eftirfarandi upplýsingar: Á ekki við!

HH. Hindranir og ljós

Verktaki skal sjálfur útvega og setja upp hindranir, viðvörunarljós og annan samþykktan öryggisbúnað sem nauðsynlegur er talinn vegna aðstæðna á vinnusvæði eða eins og yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gerir kröfu um.

II. Asbestskírteini

Sum efni, efnisinnihald, sem tilgreint er og nota á skv. samningi þessum, innihalda/innihalda ekki asbest.

II. Verktaki skal fara eftir eftirfarandi aðfangareglum (FAR reglum).

A. Eftirfarandi grein er framkvæmd laga eða tilskipunar:

52.233-3: Mótmæli eftir úthlutun (ág. 1996) (31. U.S.C. 3553).

(a) Við móttöku tilkynningar um mótmæli (skv. skilgreiningum FAR 33.101) eða ákvörðunar um að mótmæli séu líkleg (sjá FAR 33.102(d)), er yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimilt, með skriflegri tilkynningu til verktaka, að tilkynna honum að framkvæmd verks, skv. samningi þessum, skulu stöðvuð. Tilgreina skal sérstaklega á tilkynningunni að um sé að ræða verkstöðvun skv. þessari gr. Við móttöku tilkynningar skal verktaki fara strax eftir fyrirmælunum og gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að lágmarka kostnað vegna viðeigandi verks meðan á verkstöðvun stendur. Við móttöku lokaákvörðunar mótmæla, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) annaðhvort…

(1) aflýsa verkstöðvunartilskipun, eða

(2) stöðva alfarið verkið, sem tilkynningin tekur til vegna vanefnda, eða á grundvelli opinberra aðstæðna, skv. þessari grein samnings þessa. ATH. OPINBERAR AÐSTÆÐUR – CONVENIENCE OF THE GOVERNMENT.

(b) Ef verkstöðvunartilskipun, sem gefin er út skv. þessari grein, er felld niður annaðhvort fyrir eða eftir að lokaákvörðun er gerð um mótmæli, skal verktaki halda áfram vinnu sinni. Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal gera sanngjarna aðlögun á afhendingaráætlun eða samningsupphæð, eða á báðum, og skal breyta samningi þessum skriflega í samræmi við það, enda…

(1) leiði verkstöðvunartilskipun til aukningar þess tíma sem nauðsynlegur er, eða kostnaðar verktaka vegna verksins, við framkvæmd sérhvers verkhluta skv. samningi þessum, og

(2) verktaki áskilji sér rétt til aðlögunar innan 30 daga eftir lok verkstöðvunar, *svo fremi* að ef yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) ákveður staðreyndir er réttlæti slíka gjörð, geti yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekið og brugðist við tillögu, á hvaða tíma sem er, áður en lokagreiðsla skv. samningi þessum er innt af hendi.

(c) Ef verkstöðvunartilskipun er ekki felld úr gildi og vinna, sem tilskipunin tekur til, endar vegna opinberra aðstæðna, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimila sanngjarnan kostnað sem leiðir af verkstöðvunartilskipun þegar samið er um uppgjör vegna stöðvunar.

(d) Ef verkstöðvunartilskipun er ekki felld úr gildi og vinna, sem tilskipunin tekur til, endar vegna vanefnda, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) heimila sanngjarna aðlögun eða á annan hátt sanngjarnan kostnað sem leiðir af verkstöðvunartilskipun.

(e) Ekki skal nein aðgerð skv. þessari grein hafa áhrif á rétt stjórnvalda til þess að slíta samningi þessum á hvaða tíma sem er.

(f) Ef mótmælum er haldið uppi varðandi samning þennan vegna ásetnings eða rangrar yfirlýsingar verktaka, villandi upplýsinga, eða tilskilin skírteini reynast ekki fyrir hendi eða rétt, og stjórnvöld greiða kostnað skv. FAR 33102(b)(2) eða 33.104(h)(l), geta stjórnvöld

krafið verktaka um endurgreiðslu slíks kostnaðar. Til biðbótar sérhverjum úrbótum, sem mögulegar eru, og skv. undirgr. 32.6, geta stjórnvöld innheimt skuld þessa með því að jafna þá upphæð gagnvart sérhverri greiðslu sem inna á af hendi til verktaka skv. samningi milli hans og stjórnvalda.

(lok greinar)

B. Eftirfarandi eru þau aukaákvæði FAR sem við eiga:

52.203-3: Gjaf ir (apr. 1984)

(a) Heimilt er að fella niður, með skriflegri tilkynningu, rétt verktaka til að halda verki áfram ef, eftir tilkynningu og fund, viðkomandi yfirmaður eða úthlutunaraðili kemst að raun um að verktaki, umboðsaðili hans, eða annar fulltrúi hefur

(1) boðið eða afhent gjöf (t.d. skemmtun eða gjöf) yfirmanni í hernum, opinberum aðila, eða starfsmanni stjórnvalda, og

(2) ætlað með viðkomandi gjöf að fá samning eða jákvæða meðhöndlun samningskjara.

(b) Staðreyndir, sem styðja slíka ákvörðun, má leggja fyrir til þess bæran dómstól.

(c) Ef samningi þessum er slitið skv. málsgr. (a) þessarar gr., hafa stjórnvöld rétt…

(1) til þess að æskja sömu úrlausna og ef um samningsbrot væri að ræða, og
(2) þar að auki sérhverra bóta sem lög gera ráð fyr ir, t.d. eigi minna en þrisvar en þó eigi meira en tíu sinnum kostnaður verktaka vegna gjafa til viðkomandi aðila, og skal ákvörðun þar að lútandi vera í höndum yfirmanns stofnunar eða úthlutunaraðila. (Undirmálsgr. þessi (c)(2) á einungis við ef greiðslur vegna samnings þessa koma frá Varnarmálaráðuneytinu).

(d) Réttur og úrlausnir stjórnvalda, sem gert er ráð fyrir í ákvæði þessu, skulu ekki vera einhlítar og eru til viðbótar sérhverjum rétti og úrlausnum sem lög eða samningur þessi gerir ráð fyrir.

(lok greinar)

52.225-14: Ósamræmi milli enskrar útgáfu og þýdds texta samnings (feb. 2000)

Í tilvikum þar sem ósamræmi er í orðalagi samnings þessa og þýðingar á honum á annað tungumál, skal enska útgáfan gilda.

(lok greinar)

52.232-1: Greiðslur (ág. 1984)

Við móttöku viðeigandi reikninga eða úttektarmiða VOUCHERS, skulu stjórnvöld greiða það verð sem tilgreint er í samningi þessum fyrir birgðir sem afhentar eru og samþykktar, eða þjónustu sem veitt er og samþykkt, að frádregnum þeim þáttum sem gert er ráð fyrir í samningi þessum. Stjórnvöld skulu greiða, nema annað sé tekið fram í samningi þessum, fyrir hluta afhendingar ef…

(a) upphæðin, sem innheimt er vegna afhendingar, gerir ráð fyrir því, eða GUÐM. VIÐ HVAÐ ER ÁTT?

(b) verktaki óskar eftir því og upphæðin, sem innheimt er vegna afhendingar, er a.m.k. $1.000 eða 50% af heildarsamningsverði.

(lok greinar)

52.232-8: Afsláttur vegna fljótar greiðslu (maí, 1997)

(a) Við mat á tilboðum verður ekki tekið tillit til afsláttar vegna fljótrar greiðslu. Hins vegar mun afsláttur, sem boðinn er, verða hluti úthlutunar ATH, og verður þeginn miðað við greiðslu innan þess afsláttartímabils sem tilboðsgjafi tilgreinir. Í stað þess að bjóða afslátt vegna fljótrar greiðslu við tilboðsgerð, geta tilboðsgjafar, sem fá viðkomandi verksamning, innifalið afslátt vegna fljótrar greiðslu á einstökum reikningum.

(b) Þegar um er að ræða afslátt vegna skjótrar greiðslu skal reikna út tímann á grundvelli dagsetningar reiknings ATH. Hafi verktaki ekki sett dagsetningu á reikning sinn, reiknast gjalddagi frá þeim degi þegar viðkomandi greiðsluskrifstofa móttekur reikninginn, enda gangi viðkomandi skrifstofa frá skýringum um viðkomandi reikning strax á móttökudegi hans. Við útreikning afsláttar, sem veittur er, skal miða við að greiðsla hafi átt sér stað á þeim degi sem tilgreindur er á greiðsluávísun eða sem fram kemur við rafræna greiðslu. Þegar afsláttardagur fellur á laugardag, sunnudag eða almenna frídaga og opinberar skrifstofur eru lokaðar, er heimilt að inna greiðslu af hendi á fyrsta starfsdegi þar eftir.

(lok greinar)

52.232-11: Aukavinna (apr., 1984)

Nema annað sé tilgreint í samningi þessum, skulu engar greiðslur fyrir aukavinnu inntar af hendi nema slík aukavinna og verð fyrir hana hafi hlotið skriflega heimild yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(lok greinar)

52.232-17: Vextir (jún. 1996)

(a) Nema annað sé tekið fram í samningi þessum skv. gr. um verðlækkun vegna ófullnægjandi kostnaðar eða verðlagningardags (Price Reduction for Defective Cost or Pricing Data), eða gr. um kostnaðarfærslustaðla (Cost Accounting Standards), skulu allar upphæðir, sem verktaki greiðir stjórnvöldum skv. samningi þessum (að frádregnum skattaafslætti skv. bandarískum skattalögum (26 U.S.C. 1481), bera einfalda vexti frá gjalddaga til greiðsludags, nema greitt sé innan 30 daga frá gjalddaga. Vextir skulu vera þeir vextir sem fjármálaráðherra Bandaríkjanna ákveður hverju sinni, skv. 12. kafla laga frá 1978 um samningságreining (Public Law 95-563), sem eiga við það tímabil er greiðsla gjaldfellur, skv. málsgr. (b) þessarar greinar, og síðan þeir vextir sem eiga við fyrir hvert sex mánaða tímabil, sem fjármálaráðherra ákveður, þar til viðkomandi upphæð hefur verið greidd.

(b) Gjalddagar skulu vera eigi síðar en að neðan greinir:

(1) Gjalddagi sem tiltekinn er í samningi þessum.

(2) Dagsetning fyrstu skriflegrar kröfu um greiðslu skv. samningi þessum, þ.m.t. sérhver krafa sem leiðir af samningsslitum vegna vanefnda.

(3) Sú dagsetning er stjórnvöld senda verktaka tillögu um viðaukasamning til staðfestingar lúkningar samningsgerðar um upphæð skuldar.

(4) Geri samningur þessi ráð fyrir endurskoðun verðs, þá sú dagsetning skriflegrar tilkynningar til verktaka þar sem fram kemur upphæð endurgreiðslu vegna verðtillögu eða umsamins verðsamkomulags sem ekki er staðfest með breytingu á samningi þessum.

(c) Lækka má vexti, sem innheimtir eru skv. þessari grein, á grundvelli ferlis sem tilgreint er í gr. 32.614-2 reglugerðar um opinber innkaup (Federal Acquisition Regulation) sem í gildi er við dagsetningu samnings þessa.

(lok greinar)

52.232-25: Fljótar greiðslur (jún. 1997)

Án tillits til annarra greina um greiðslur í samningi þessum, munu stjórnvöld greiða reikninga og samningsgreiðslur skv. þeim skilmálum sem tilgreindir eru í þessari grein. Greiðsla skal talin hafa verið innt af hendi á þeim degi sem dagsetning greiðsluávísunar sýnir eða á þeirri dagsetningu sem fram kemur við rafræna greiðslu. Skilgreiningar á viðeigandi skilmálum eru í kafla 32.902 reglugerðar um opinber innkaup (Federation Acquisition Regulation). Allar dagsetningar, sem vísað er til í þessari grein, eru almanaksdagar nema annað sé tilgreint (sjá, hinsvegar, undirmálsgr. (a)(4) þessarar greinar um greiðslur sem gjaldfalla á laugardögum, sunnudögum og opinberum frídögum).

(a) *Reikningsgreiðslur*—(1) *Gjalddagar*. (i). Að undanskildu því sem tilgreint er í undirmálsgr. (a)(2) og málsgr. (c) þessarar greinar, er gjalddagi reikningsgreiðslna viðkomandi greiðsluskrifstofu hin síðari eftirfarandi tveggja dagsetninga:

(A) 30. dagur eftir að viðkomandi reikningsskrifstofa hefur fengið tilgreindan reikning frá verktaka (nema skv. undirmálsgr. (a)(1)(ii) þessarar greinar).

(B) 30. dagur eftir samþykkt stjórnvalda á afhentum birgðum eða þjónustu á vegum verktaka. Á lokareikningi, þar sem greiðsluupphæð er skv. samningsákvæðum, skal svo litið á að samþykkt hafi átt sér stað á samningslokadegi. ATH.

(ii) Ef viðkomandi reikningsskrifstofa gengur ekki frá skýringum á reikningi á móttökudegi hans og á þeim tíma sem hann er móttekinn, skal gjalddagi reikningsins vera 30. dagur eftir dagsetningu reiknings verktaka, enda sé reikningurinn réttur og enginn ágreiningur um magn, gæði, eða að verktaki hafi virt samningsskilmála.

(2) *Ákveðin matvæli og aðrar greiðslur.* (i) Gjalddagar reikninga verktaka vegna kjöts, unninnar kjötvöru eða fisks, landbúnaðarafurða með síðasta neysludag, og mjólkurvara, fitu og olíu til manneldis, og matvæla sem unnin eru úr fitu og olíu til manneldis skulu vera —

(A) …vegna kjöts og unninna kjötvara, eins og tilgreint er í kafla 2(a)(3) laga um pökkun og geymslu frá 1921 (7 U.S.C. 182(3) (Packers and Stockyard Act of 1921), og eins og frekar er tilgreint í Pub. L. 98-181, þ.m.t. ferskar eða frystar fuglaafurðir til manneldis, sérhverjar fuglaafurðir með tilgreindum síðasta neysludegi, ný egg, og eggjamatvæli með tilgreindum síðasta neysludegi, eins nærri en þó eigi síðar en sjö dögum eftir afhendingu.

(B)…vegna fersks eða frysts fiskjar, eins og tilgreint eru í kafla 204(3) í lögum um fisk og sjávarafurðir frá 1986 (16 U.S.C. 4003(3) (fish and Seafood Promotion Act of 1986), eins nærri en þó eigi síðar en sjö dögum eftir afhendingu.

(C)…vegna landbúnaðarafurða með tilgreindan síðasta neysludag, skv. kafla 1(4) laga um landbúnaðarafurðir með tilgreindan síðasta neysludag, frá 1930 (7 U.S.C. 499a(4) (Perishable Agricultural Commodities Act of 1930), eins nærri en þó eigi síðar en tíu dögum eftir afhendingu, nema önnur dagsetning sé tilgreind í samningi.

(D)…vegna mjólkurafurða, eins og tilgreint er í kafla 111(e) laga um mjólkurafurðir frá 1983 (7 U.S.C. 4502(e) (Dairy Production Stabilization Act of 1983), fitu og olíu til manneldis, og matvæla sem gerð eru úr fitu og olíu til manneldis, eins nærri en þó eigi síðar en tíu dögum eftir dagsetningu móttöku rétts reiknings. Mjólk, ostur, vissar tegundir af unnum ostavörum, smjör, jógúrt, rjómaís, mæjónes, salatsósa, og aðrar sambærilegar vörur er falla undir þessa skilgreiningu. Ekkert í lögunum takmarkar þessa flokkun við kælivörur. Komi upp spurningar varðandi rétta flokkun tilgreindrar vöru, skal fylgja viðhöfðum starfsvenjum í viðkomandi iðngrein þegar skilgreina á gjalddaga samningsgreiðslna. Sönnunarbyrði varðandi flokkun tilgreindra vara er reyndar á herðum verktaka skv. viðhöfðum starfsvenjum í viðkomandi iðngrein.

(ii) Ef samningur ber ekki í sér ákvæði um framlagningu reiknings til greiðslu (t.d. tímabundnar leigugreiðslur), skal gjalddagi vera sú dagsetning sem tilgreind er í samningi.

(3) *Reikningur verktaka*. Verktaki skal undirbúa og leggja fram reikninga hjá reikningsskrifstofu, eins og tilgreint er í samningi. Réttur reikningur skal tilgreina reikningsþætti þá sem nefndir eru í undirmálsgr. frá og með (a)(3)(1) til og með (a)(3)(viii) þessarar greinar. Reikningur, sem ekki er í samræmi við kröfur þessar, verður endursendur innan sjö daga frá því að reikningsskrifstofa móttekur hann (innan þriggja daga vegna kjöts, unninnar kjötvöru eða fiskjar, innan fimm daga vegna landbúnaðarafurða með síðasta neysludag, fitu og olíu til manneldis, og matvæla sem unnin eru úr fitu og olíu til manneldis), með skýringum á því hvers vegna viðkomandi reiknigur er ekki réttur. Tekið skal tillit til ótímabærra tilkynninga fyrrgreinds varðandi vaxtagreiðslur til verktaka skv. skilgreiningum í undirmálsgr. (a)(5) þessarar greinar.

(i) Nafn og heimilisfang verktaka.

(ii) Dagsetning reiknings. (Verktakar eru hvattir til þess að dagsetja reikninga sína eins nærri útsendingardegi og mögulegt er).

(iii) Samningsnúmer og aðrar heimildir varðandi afhentar birgðir eða þjónustu sem veitt er (þ.m.t. pöntunarnúmer eða samningsvörunúmer).

(iv) Lýsing, magn, stærðareiningar, einingarverð, og útfært verð á afhentum birgðum eða þjónustu sem veitt er.

(v) Flutningur og greiðslukjör (t.d. flutningsnúmer og dagsetning flutnings, skilmálar um afslátt vegna fljótrar greiðslu). Farmskírteinisnúmer og þyngd vöru komi fram vegna flutnings á farmskírteini stjórnvalda).

(vi) Nafn og heimilisfang verktaka (skrifstofu) vegna sendingar greiðslna (verður að vera það sama og í verksamningi eða á viðeigandi verkúthlutunarskjali).

(vii) Nafn (þar sem við á), starfsheiti, símanúmer og heimilisfang þess aðila sem tilkynning skal send ef rangur reikningur berst.

(viii) Aðrar upplýsingar eða gögn sem tilgreind eru í samningi (t.d. staðfestingar á sendingum).

(ix) Þótt slíks sé ekki krafist, er verktaki eindregið hvattur til þess að tilgreina kennitölu á hverjum reikningi.

(4) *Dráttarvextir:* Dráttarvextir skulu reiknast sjálfkrafa á viðeigandi skrifstofu, án kröfu þar um frá verktaka, ef greiðsla er ekki innt af hendi á gjalddaga og ef skilmálar í neðangreinum málsgr. (a)(4)(i) til og með (a)(4)(iii) þessarar greinar eru uppfylltir, ef við á. Falli gjalddagi, hins vegar, á laugardag, sunnudag, eða opinberan frídag, þegar opinberar skrifstofur eru lokaðar og ekki er hægt að gera ráð fyrir að opinber viðskipti eigi sér stað, skal greiðsla innt af hendi á fyrsta vinnudegi þar á eftir án þess að á hana falli dráttarvextir:

(i) Viðkomandi reikningsskrifstofa hafi móttekið réttan reikning.

(ii) Móttökugreinargerð eða önnur opinber gögn, sem heimila greiðslu, hafi verið útbúin, og að ekki er ágreiningur um magn, gæði eða að verktaki hafi staðið við samningsskilmála.

(iii) Þegar um er að ræða lokareikning vegna eftirstöðva sem gjaldfallnar eru til handa verktaka vegna afhentra birgða eða veittrar þjónustu, og upphæðin ekki háð frekari samningsuppgjörs milli stjórnvalda og verktakaATH.

(5) *Útreikningur dráttarvaxta*. Dráttarvextir skulu vera skv. ákvörðun fjármálaráðherra Bandaríkjanna, skv. 12. kafla laga um samningságreining frá 1978 (41 U.S.C. 611)(Contract Disputes Act) og sem eiga við fyrsta dag eftir gjalddaga, nema í tilvikum þar sem dráttarvextir eru skilgreindir af annarri opinberri stofnun (t.d. vaxtaskrár). Vísað er til þess vaxtastigs sem „Endurumsemjanlegir vextir" (óforml. þýðing) (Renegotiation Board Interest Rate" og er tilkynnt í Federal Register á hálfsárs fresti, þ.e. í kringum 1. janúar og 1. júlí. Dráttarvextirnir skulu vera dagvextir á höfuðstól reikningsupphæðar sem stjórnvöld hafa samþykkt þar til greiðsla samþykkts höfuðstóls er innt af hendi, og verða reiknaðir út á 30 daga fresti að meðtöldum fyrsta degi eftir gjalddaga til og með greiðsludags, þ.e. vöxtum, sem safnast hafa upp við lok hvers 30 daga tímabils, verður bætt við samþykktan reikningshöfuðstól, og verða þá reiknaðir dráttarvextir ef greiðsla er ekki gerð á næsta 30 daga tímabili. Ef viðkomandi reikningsskrifstofa tilkynnir ekki verktaka um rangan reikning innan þess tímabils, sem lýst er í undirgr. (a)(3) þessarar greinar, verður gjalddagi leiðrétts reiknings aðlagaður þannig að dreginn verður frá sá dagafjöldi sem er umfram tilgreinds tilkynningartímabils um rangan reikning. Dráttarvextir, sem verktaka eru skuldaðir, byggjast á slíkri aðlagaðri dagsetningu. Viðkomandi greiðsluskrifstofa framkvæmir slíka aðlögun vegna villna í útreikningi dráttarvaxta.

(i) Vegna útreikninga dráttarvaxta, sem verktaki kann að eiga rétt á, skal litið svo á að stjórnvöld hafi samþykkt viðkomandi verk á sjöunda degi (nema annað sé tekið fram í samningi þessum) eftir að verktaki afhendir birgðir eða hefur veitt þjónustu á þeim kjörum og skilmálum samningsins, nema ágreiningur sé um magn, gæði, eða hvort verktaki hafi staðið við ákvæði samnings. Í því tilviki að samþykkt eigi sér stað innan tilgreinds samþykktartímabils skal ákvörðun um dráttarvexti byggjast á þeim degi sem samþykki er veitt. Krafan um samþykkt skal hins vegar ekki knýja fulltrúa stjórnvalda til þess að samþykkja birgðir eða þjónustu, grípa til framkvæmdalegra ráðstafana, eða inna greiðslu áður en þeir sinna ofangreindum skyldum sínum.

(ii) Eftirfarandi tímabil verða ekki talin með við ákvörðun dráttarvaxta:

(A) Sá tími sem notaður er til þess að tilkynna verktaka um villur í reikningum sem sendir eru stjórnvöldum, en þó eigi lengur en í sjö daga (þrjá daga ef um er að ræða kjöt, unnar kjötvörur eða fisk, fimm daga vegna landbúnaðarvara með tilgreindan síðasta neysludag, mjólkurvörur, fitu eða olíu til manneldis, og matvæli sem unnin eru úr fitu eða olíu til manneldis).

(B) Tímabilið milli tilkynningar um rangan reikning og nýs reiknings sem verktaki sendir.

(C) Þegar veita skal upplýsingar um rangar rafrænar greiðslur, skv. EFT málsgrein samnings þessa.

(iii) Dráttarvextir halda ekki áfram að safnast upp eftir að krafa er gerð um dráttarvexti skv. gr. 52.233-1, Ágreiningur, eða lengur en í eitt ár. Ekki skal greiða dráttarvexti sem eru lægri en $1.

(iv) Ekki er gerð krafa um greiðslu dráttarvaxta vegna seinkunnar greiðslu vegna ágreinings milli stjórnvalda og verktaka um upphæð greiðslu eða varðandi þætti er lúta að því hvort samningsákvæði hafa verið virt, eða vegna upphæða, sem haldið er eftir til bráðabirgða, eða þeim haldið eftir á grundvelli skilmála samningsins. Kröfur, sem ágreiningur stendur um, og sérhverjir vextir, sem greiða kann, skulu afgreiddar skv. gr. 52.233-1, Ágreiningur.

(6) *Afsláttur vegna fljótrar greiðslu.* Viðkomandi greiðsluskrifstofa skal greiða dráttarvexti sjálfkrafa, án þess að verktaki geri þar kröfu um, ef útreikningur afsláttar vegna fljótrar greiðslu er rangur. Reikna skal dráttarvexti út skv. undirmálsgr. (a)(5) þessarar greinar á afsláttarupphæðina frá fyrsta degi að afloknu afsláttartímabili til þess dags er verktaka er greitt.

(7) *Viðbótarafsláttur vegna fljótrar greiðslu).* Greiða skal viðbótardráttarvexti við dráttarvexti, sem reiknaðir eru út skv. undirmálsgr. (a)(7)(iii) þessarar greinar, ef verktaka…

(A) …er skuldað dráttarvexti, $1 eða meira,

(B) …eru ekki greiddir dráttarvextir innan tíu daga frá greiðslu reikningsupphæðar, og

(C) …ef verktaki gerir skriflega kröfu á hendur viðkomandi greiðsluskrifstofu um viðbótardráttarvexti, skv. undirmálsgr. (a)(7)(ii) þessarar greinar, og ef slík krafa er póstlögð eigi síðar en 40 dögum eftir að reikningsupphæð er greidd.

(ii) Verktakar skulu rökstyðja skriflega kröfur sínar um viðbótardráttarvexti og skulu þeir veita upplýsingar eins og að neðan greinir. Ekki er gerð krafa um viðbótarupplýsingar. Verktakar skulu…

(1) …tilgreina sérstaklega að vextir séu vegna seinnrar greiðslu tilgreinds reiknings, og krefjast greiðslu allra gjaldfallinna dráttarvaxta og viðbótardráttarvaxta eins og við á,

(2) …hjáleggja eintak af reikningi þeim sem dráttarvextir reiknast á, og

(3) …tilkynna að greiðsla höfuðstóls hafi verið móttekin, þ.m.t. hvenær hún var móttekin.

(B) Póstleggja skal kröfur innan 40 daga frá því er greiðsla reiknings var innt af hendi, nema þegar…

(1) …póstáritun er ólæsileg eða ekki fyrir hendi, og skal krafan hafa verið móttekin og skýrð innan 40 daga frá því er greiðsla var innt af hendi, eða

(2) …ef póstáritun er ólæsileg eða ekki fyrir hendi, og viðkomandi greiðsluskrifstofa hefur ekki sinnt skyldum sínum um skýringar, sem krafa er gerð um, og skal krafan taka gildi frá og með þeim degi er verktaki leggur fram kröfu sína, enda sé dagsetning hennar innan 40 daga frá því er greiðsla var innt af hendi.

(iii)(A) Viðbótardráttarvextir skulu vera jafnt og 100% sérhverra dráttarvaxta vegna seinnrar greiðslu, nema skv. neðangreindu:

(1) Viðbótardráttarvextir skulu eigi vera hærri en $5.000,

(2) Viðbótardráttarvextir skulu eigi vera lægri en $25, og

(3) Ekki skal greiða viðbótardráttarvexti ef upphæð grundvallardráttarvaxta er lægri en $1.

(B) Hætti dráttarvextir að safnast upp skv. þeim takmörkunum, sem tilgreindar eru í undirmálsgr. (a)(5)(iii) þessarar greinar, skal upphæð viðbótardráttarvaxta reiknuð miðað við þá upphæð dráttarvaxta sem hefðu safnast upp ef ofangreind takmörk eru ekki fyrir hendi, enda sé þá miðað við heildartakmörk þau um viðbótardráttarvexti sem tilgreind eru í undirmálsgr. (a)(7)(iii) þessarar greinar.

(C) Við ákvörðun hámarks- og lágmarksviðbótardráttarvaxta skal miða við gjaldfallna dráttarvexti hverrar einstakrar greiðslu í hverjum samningi um sig. Ekki skal miða hámarks- og lágmarksviðbótardráttarvexti við einstaka reikninga nema þegar reikningarnir eru greiddir sér. Þegar greiðslur eru sameinaðar af hagkvæmnisástæðum, skal ákveða hámarks- og lágmarksviðbótardráttarvexti sér fyrir hvern samning sem gerður er skv. þessum samningi.

(D) Viðbótardráttarvextir eiga ekki við um greiðslur sem falla undir reglugerðir stjórnvalda (t.d. greiðslur skv. veitusamningum þar sem um er að ræða verðskrár og reglugerðir).

(b) *Greiðsla samningsfjármögnunar*—(1) *Gjalddagar endurtekinna ATH fjármögnunargreiðslna.* Ef samningur þessi gerir ráð fyrir samningsfjármögnun, skal senda viðeigandi greiðsluskrifstofu beiðni um greiðslur skv. ákvæðum samnings þessa eða tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Greiðslur samningsfjármögnunar skulu inntar af hendi XX dögum (*setjið inn þá dagsetningu sem yfirmaður tilgreinir, en ef ótilgreint, þá 30. dagur*) eftir móttöku viðeigandi samningsfjármögnunarbeiðni frá viðkomandi reikingsskrifstofu. Sé farið fram á endurskoðun eða aðra skoðun tilgreindrar fjármögnunarbeiðni, skv. ósk þar um til þess að ganga úr skugga um að kjör og skilmálar samnings séu virtir, er viðkomandi greiðsluskrifstofa ekki skuldbundin til þess að inna greiðslu af hendi á tilgreindum gjalddaga.

(2) *Gjalddagar annarrar samningsfjármögnunar*. Fyrirframgreiðslur, lán eða annað fyrirkomulag, sem tekur ekki til endurtekinna greiðsla samningsfjármögnunarbeiðna, skal inna af hendi skv. viðeigandi samningsskilmálum eða skv. tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(3) *Dráttarvextir óheimilir.* Dráttarvextir reiknast ekki vegna seinkunnar greiðslu samningsfjármögnunar.

(c) *Ferli og gjalddagar fljótrar greiðslu*. Ef í samningi þessum er ákvæði skv. 52.213-1, Ferli fljótrar greiðslu, verða greiðslur inntar af hendi innan 15 daga frá móttöku reiknings.

(lok greinar)

<u>52.233-1. Ágreiningur (des. 1998)</u>

(a) Samningur þessi fellur undir lög um samningságreining frá 1978 (the Contract Disputes Act of 1978), með áorðnum breytingum (41 U.S.C.601-613).

(b) Að undanskildum ákvæðum laganna, skal leysa allan ágreining, sem upp kann að koma vegna samnings þessa, skv. þessari grein.

(c) „Krafa", eins og hugtakið er túlkað í þessari grein, þýðir skriflega krafa eða skrifleg staðhæfing annars hvors samningsaðila sem óskar, á grundvelli réttar síns, peningagreiðslu skv. aðlögun eða túlkun samninsákvæða, eða annarra úrlausna vegna eða í tengslum við samning þennan. Krafa, sem gerð er á grundvelli samnings, að öðru leyti en krafa sem tengist samningnum, er krafa sem leysa má skv. samningsákvæði er gerir ráð fyrir úrlausn þeirrar sem kröfuhafi óskar. Hins vegar, telst skriflega krafa eða staðhæfing verktaka, sem krefst peningagreiðslu sem er hærri en $100.000, ekki krafa í skilningi laganna fyrr en staðfesting hefur fengist skv. undirmálsgr. (d)(2) þessarar greinar. Úttektarmiði VOUCHER, reikningur eða önnur venjuleg ósk um greiðslu, sem ekki er ágreiningur um þegar fram er lögð, telst ekki krafa í skilningi laganna. Ef um ágreining er að ræða varðandi ábyrgð eða upphæð, eða ef ekki er brugðist við innan sanngjarns tíma, má breyta framlagningu í kröfu skv. skilningi laganna ef farið er að ákvæðum þessarar greinar um framlagningu og staðfestingu.

(d)(1) Krafa frá verktaka skal vera skrifleg og, nema annað sé tilgreint í samningi þessum, skal gerð innan sex ára eftir að til hennar er stofnað og óskað er skriflegrar ákvörðunar yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Krafa frá stjórnvöldum á hendur verktaka skal háð skriflegri ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(2)(i) Verktaki skal leggja fram vottaða yfirlýsingu skv. gr. (d)(2)(iii) þessarar greinar þegar hann gerir kröfu sem er hærri en $100.000.

(ii) Krafa um vottaða yfirlýsingu á ekki við um mál, sem hafin eru yfir allan vafa, og hafa ekki verið lögð fram sem heild eða hluti kröfu.

(iii) Eftirfarandi skal koma fram í vottaðri yfirlýsingu: „Ég staðfesti að krafan er gerð skv. bestu vitund, að röksemdir séu réttar og fullnægjandi að því er ég best veit og trúi, að upphæðin, sem fram á er farið endurspeglar samningsaðlögun þá sem verktaki telur stjórnvöld bera ábyrgð á, og að ég hafi umboð til þess að staðfesta kröfu fyrir hönd verktaka".

(3) Vottaða yfirlýsingu skal sá aðili gera sem umboð verktaka hefur til þess að skuldbinda hann varðandi kröfuna.

(e) Í tilvikum um kröfur verktaka að upphæð $100.000 eða lægri, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) taka ákvörðun í málinu innan 60 daga frá því hann móttekur beiðni þar um og skal hún vera skrifleg. Ef um er að ræða staðfestar kröfur verktaka, sem hærri eru en $100.000, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) taka ákvörðun um kröfuna innan 60 daga eða tilkynna verktaka hvaða dag ákvörðun verður tekin.

(f) Ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal vera lokaákvörðun nema verktaki áfrýji eða kæri skv. ákvæðum laganna.

(g) Ef krafa verktaka er lögð fyrir yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) eða krafa stjórnvalda er lögð fyrir verktaka, er aðilum heimilt, með gagnkvæmri ákvörðun, að beita öðrum lausnum ágreinings (ADR – alternative dispute resolution). Hafni verktaki tilboði um slíka úrlausn (ADR) skal hann tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar ákvörðun sína skriflega og skal hann tilgreina ástæður höfnunar slíks tilboðs.

(h) Stjórnvöld skulu greiða vexti á þá upphæð sem ákveðið er að sé gjaldfallin frá (1) þeim degi er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekur kröfuna (vottuð yfirlýsing sé hennar óskað), eða (2) frá þeim degi er greiðsla gjaldfelli að öðru leyti, ef sú dagsetning er síðar, og þar til greiðsla er innt af hendi. Í tilvikum um galla í vottaðri

yfirlýsingu, skv. skilgreiningum í FAR 33.201, skal greiða vexti frá þeim degi er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fær upphaflega kröfu. Greiða skal einfalda vexti á kröfur skv. vaxtastig sem fjármálaráðherra Bandaríkjanna ákveður, skv. ákvæðum laganna, og eiga við um það tímabil er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) móttekur kröfuna, og síðan vextir eins og við á á hverju sex mánaða tímabili skv. ákvörðun fjármálaráðherra á kröfutímabilinu.

(i) Verktaki skal framkvæma kröfugerð sína að öllu leyti í samræmi við samning þennan varðandi væntanlega úrlausn mála, krafna, áfrýjun, eða aðgerðir skv. samningi þessum, og skal virða sérhverja ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(lok greinar)

52.237-1. Heimsókn á vinnusvæði (apr. 1984)

Tilboðsgjafar eru hvattir til og til þess ætlast að þeir skoði svæðið þar sem veita á þjónustu til þess að gera sér grein fyrir öllum aðstæðum og þáttum sem geta haft áhrif á kostnað tilboðsins í þeim mæli er upplýsingar eru fyrirliggjandi. Skoði tilboðsgjafi ekki svæðið er honum ekki heimilt, undir neinum kringumstæðum, að gera kröfu eftirá sé tilboði hans tekið.

(lok greinar)

52.237-2: Verndun opinberra bygginga, búnaðar og gróðurs (apr. 1984)

Verktaki skal grípa til aðgerða í sanngjörnum mæli til þess að forðast tjón á byggingum og gróðri á og við vinnusvæði. Grípi verktaki ekki til slíkra sanngjarna aðgerða og tjón verður á viðkomandi eignum skal verktaki bæta úr því tjóni stjórnvöldum að kostnaðarlausu skv. fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Sinni verktaki ekki þessum skyldum sínum eða neitar að gera það, skal verktaki vera ábyrgur fyrir þeim kostnaði sem um ræðir og dregst hann þá frá samningsverði.

(lok greinar)

52.237-3: Framhald þjónustu (jan. 1991)

(a) Verktaki gerir sér grein fyrir því að þjónusta, skv. samningi þessum, er stjórnvöldum nauðsynleg og að við samningslok geti sá aðili sem tekur við, stjórnvöld eða annar verktaki, haldið henni áfram. Verktaki samþykkir…

(1) að veita aðlögunarþjálfun, og

(2) að gera allt sem hans valdi stendur til þess að auðvelda þeim sem við tekur það verkefni.

(b) Skv. skriflegri tilkynningu frá yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer), skal verktaki (1) veita aðlögunarþjónustu í allt að 90 daga eftir samningslok, og (2) semja skv. bestu vitund áætlun í samstarfi við þann aðila sem við tekur um eðli og umfang aðlögunarþjónustunnar sem krafist er. Áætlunin skal tilgreina sérstaka þjálfunaráætlun og dagsetningar um yfirfærslu ábyrgða fyrir hvern verkhluta sem lýst er í áætlunni, og skal hún háð samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Verktaki skal láta í té til þess bæra starfsmenn með reynslu á aðlögunartíma til þess að tryggja að þjónustunni, sem samningur þessi tekur til, sé viðhaldið og að hú sé í samræmi við kröfur.

(c) Verktaki skal gera ráð fyrir eins mörgum starfsmönnum á vinnusvæðinu og þörf er talið til þess að aðstoða þann sem við tekur að viðhalda áframhaldi og virkni þjónustunnar eins og tilgreint er í samningi þessum. Verktaki skal jafnframt afhenda nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi starfsmenn og gera ráð fyrir að viðtakandi þjónustuaðili geti rætt við þá á

vinnusvæðinu. Samþykki viðkomandi starfsmenn breytinguna, skal verktaki leysa þá undan skyldum sínum gagnvart honum á ákveðnum degi, og semja við viðtakanda þjónustuveitingar um áunnin hlunnindi þeirra.

(d) Endurgreiða skal verktaka sanngjarnan aðlögunarkostnað (þ.e. þann kostnað sem verður innan tilgreinds tímabils eftir samningslok og til kemur vegna aðlögunar), og gjald (hagnaður) sem eigi skal vera hærra en útreiknað hlutfall gjalds (hagnaðar) skv. samningi þessum.

(lok greinar)

52.242-15: Tilkynning um verkstöðvun (ág. 1989)

(a) Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) getur hvenær sem er og með skriflegri tilkynningu til verktaka, krafist að hann stöðvi allt eða hluta verks skv. samningi þessum í 90 daga eftir að verktaka er send slík tilkynning, og í lengri tíma sem samningsaðilar koma sér saman um. Tilkynningin skal sérstaklega merkt sem „Tilkynning um verkstöðvun" og að hún sé gefin út skv. þessari grein. Við móttöku slíkrar tilkynningar skal verktaki án tafar virða skilmála hennar og gera allt sem í hans valdi stendur til þess að lágmarka kostnað vegna þessa á verkstöðvunartímabilinu. Á meðan á 90 daga tímabilinu stendur (innan þess), eftir að verkstöðvunartilkynning er afhent verktaka, eða innan framlengds tímabils sem samningsaðilar koma sér saman um, skal yfirmaður verksamningsgerðar, annaðhvort…

(1) fella verkstöðvunartilkynninguna niður, eða

(2) stöðva alfarið þá vinnu skv. tilkynningunni á grundvelli greinar samnings þessa um vanefndir eða stöðvun vegna hagsmuna stjórnvalda.

(b) Ef verkstöðvunartilkynning, sem gefin er út skv. þessari grein, er aflýst eða að tímabil eða framlengt tímabil rennur út, skal verktaki halda verki áfram. Yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal gera sanngjarna breytingu á afhendingaráætlun verksins eða samningsverði, eða í báðum tilvikum, og skal samningnum þá breytt skriflega, skv. því, enda…

(1) hafi verkstöðvunartilkynningin leitt til aukins verktíma eða til aukningar kostnaðar verktaka skv. samkomulagi, á framkvæmd hluta samningsverks, og

(2) verktaki áskilur sér rétt til aðlögunar innan 30 daga frá lokum verkstöðvunartímabils, enda samþykki yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) ástæður slíkrar aðgerðar, og yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) fái og bregðist við kröfu sem lögð er fram áður en lokagreiðsla á sér stað skv. samningi þessum.

(c) Ef verkstöðvunartilkynningu er ekki aflýst og vinna skv. henni er stöðvuð vegna hagsmuna stjórnvalda, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gera ráð fyrir sanngjörnum kostnaði vegna afleiðingar verkstöðvunartilkynningar við ákvörðun um verkstöðvun.

(d) Ef verkstöðvunartilkynningu er ekki aflýst og verk skv. henni er stöðvað vegna vanefnda, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gera ráð fyrir, með sanngjarnri aðlögun eða á annan hátt, sanngjörnum kostnaði sem afleiðing verkstöðvunartilkynningar.

(lok greinar)

52.243-1: Breyingar - fast verð (ág. 1987)

(a) Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt, hvenær sem er og með skriflegri tilkynningu, og án tilkynningar til ábyrgðaraðila ef einhverjir eru, að gera breytingar á almennu umfangi samnings þessa í einu eða fleiri tilvikum eins og að neðan greinir:

(1) Teikningar, uppdrættir eða skilgreiningar í tilvikum um birgðir, sem afhenda á, sem skulu vera sérstaklega framleiddar fyrir stjórnvöld skv. teikningum, uppdráttum eða skilgreiningum.

(2) Flutnings- og pökkunaraðferðir.

(3) Afhendingarstaður.

(b) Leiði einhver slík breyting til aukningar eða lækkunar á kostnaði, eða á verktíma einhvers hluta verks skv. samningi þessum, án tillits til þess hvort slík tilkynning leiði til breytinga, skal yfirmaður verksamningsgerðar strax gera sanngjarna aðlögun á samningsverði, afhendingaráætlun, eða báðum, og skal breyta samningi í samræmi við það.

(c) Verktaki skal staðfesta rétt sinn til aðlögunar skv. þessari grein innan 30 daga frá móttöku skriflegrar tilkynningar. Ákveði yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hins vegar að staðreyndir réttlæti slíkt er honum, (yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer)), heimilt að taka við og grípa til aðgerða vegna framlagðrar tillögu áður en lokagreiðsla verksamnings á sér stað.

(d) Feli tillaga verktaka í sér kostnað vegna eignar sem úrelt er eða ofaukið vegna breytingar, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hafa rétt til þess að segja til um ráðstöfun viðkomandi eignar.

(e) Nái samningsaðilar ekki samkomulagi um aðlögun skal slíkur ágreiningur falla undir ákvæði greinar um ágreining (Disputes clause).

(lok greinar)

<u>52-246-4: Skoðun á verði fastrar þjónustu (ág. 1996)</u>

(a) *Skilgreining:* „Þjónusta" eins og orðið er notað í þessari grein, er þjónusta, vinnubrögð, og efni sem lagt er til eða notað við veitingu þjónustu.

(b) Verktaki skal leggja til og viðhalda eftirlitskerfi sem stjórnvöld samþykkja og sem nær til þeirra þjónustu sem samningur þessi fjallar um. Halda skal nákvæmar skrár um allt eftirlit og afhenda þær stjórnvöldum á samningstíma og svo lengi þar á eftir sem samningur tilgreinir.

(c) Stjórnvöld hafa rétt til þess að skoða og prófa alla þá þjónustu sem samningurinn kveður á um í þeim mæli sem hagkvæmt þykir, hvenær og hvar sem þurfa þykir á samningstímanum. Stjórnvöld skulu framkvæma eftirlit sitt og prófanir á þann hátt að ekki leiði til tafa í vinnu.

(d) Framkvæmi stjórnvöld eftirlit eða prófanir á starfssvæði verktaka eða undirverktaka, skal verktaki láta stjórnvöldum í té án aukakostnaðar, og sjá til þess að undirverktaki geri hið sama, alla þá aðstöðu sem sanngjörn getur talist, ásamt aðstoð til þess að tryggja örugga og þægilega framkvæmd.

(e) Ef einhver þjónustuþáttur stenst ekki kröfur skv. samningi, er stjórnvöldum heimilt að krefjast þess að verktaki framkvæmi þjónustuna á ný í samræmi við kröfur samningsins án viðbótarkostnaðar. Ef ekki er unnt að lagfæra þjónustugalla með endurframkvæmd, er stjórnvöldum heimilt að…

(1) krefjast þess að verktaki grípi til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja að framkvæmdir í framtíðinni verði í samræmi við samningskröfur,

(2) að lækka samningsverð þannig að það endurspegli lækkað verðgildi veittrar þjónustu.

(f) Grípi verktaki ekki á ný til aðgerða vegna þjónustu eða nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja framtíðarframkvæmd hennar samkvæmt samningskröfum, er stjórnvöldum heimilt að…

(1) láta framkvæma viðkomandi þjónustu, með samningi eða á annan hátt, og reikningsfæra verktaka fyrir sérhvern beinan kostnað sem kann að leiða af því að stjórnvöld verði að láta framkvæma slíka þjónustu, eða

(2) segja upp samningi á grundvelli vanefnda.

(lok greinar)

52.249-4: Uppsögn vegna hagsmuna stjórnvalda (þjónusta) (skammtíma) (apr. 1984)

Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu þar að lútandi, þegar um er að ræða hagsmuni stjórnvalda. Sé samningi þessum sagt upp skulu stjórnvöld bera ábyrgð, þó einungis á greiðslum samkvæmt greiðsluákvæðum samnings þessa fyrir þjónustu sem veitt er áður en uppsögn samnings tekur gildi.

(lok greinar)

52.249-8: Vanefndir (fast verð birgða og þjónustu) (apr. 1984)

(a)(1) Stjórnvöldum er heimilt, skv. málsgr. (c) og (d) þessarar greinar, að segja upp samningi þessum, skriflega að öllu leyti eða að hluta, vegna vanefnda verktaka ef hann…

(i) afhendir ekki birgðir eða veitir þjónustu innan þess tíma sem tilgreindur er í samningi eða innan framlengds tíma,

(ii) sýnir ekki árangur þannig að framkvæmd samnings sé teflt í tvísýnu (sjá þó undirmálsgr. (a)(2) þessarar greinar), eða

(iii) virðir ekki einhver önnur ákvæði samnings þessa (sjá þó undirmálsgr. (a)(2) þessarar greinar.

(2) Rétti stjórnvalda til þess að segja samningi þessum upp skv. undirmálsgr. (a)(1)(ii) og (1)(iii) þessarar greinar, er heimilt að beita ef verktaki bregst ekki við slíkum vanefndum innan tíu daga (eða lengri tíma skv. skriflegri heimild yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) eftir að hafa móttekið tilkynningu frá yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) um viðkomandi vanefndir.

(b) Segi stjórnvöld samningi þessum upp, að öllu leyti eða að hluta, er þeim heimilt skv. skilmálum og á þann hátt er yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) telur viðeigandi, að afla birgða og þjónustu sem sambærileg er þeirri sem samningsuppsögn tekur til, og skal verktaki vera ábyrgur gagnvart stjórnvöldum fyrir sérhverjum viðbótarkostnaði vegna slíkra birgða eða þjónustu. Verktaki skal, hins vegar, halda áfram þeim verkþáttum sem uppsögn tekur ekki til.

(c) Í tilvikum, nema þegar um er að ræða undirverktaka á hverju verkþrepi, skal verktaki ekki bera ábyrgð á viðbótarkostnaði ef vanefndir við framkvæmd samnings eru af ástæðum utan umráðasviðs hans, honum sé ekki um að kenna eða vegna vanrækslu af hans hendi. Dæmi um slíkar ástæður eru m.a. (1) náttúruhamfarir eða aðgerðir óvina almennings, (2) aðgerðir stjórnvalda gagnvart öðrum eða sem samningsaðili, (3) eldsvoði, (4) flóð, (5) farsóttir, (6) hamlanir vegna sjúkdómaeinangrunar, (7) verkföll, (8) flutningsbönn, og (9) óvenju slæmar veðuraðstæður. Í öllum ofangreindum tilvikum þar sem verktaki getur ekki uppfyllt ákvæði samnings þessa og ekki er um að ræða vanrækslu eða vanefndir af hans hendi, skulu ástæður vera utan umráðasviðs hans.

(d) Ef samningsákvæði eru ekki virt vegna vanefnda undirverktaka á einhverju verkþrepi, og ef ástæða slíks er utan umráðasviðs verktaka og undirverktaka, og án vanefnda eða vanrækslu þeirra, skal verktaki ekki bera ábyrgð á viðbótarkostnaði vegna þessa nema unnt sé að afla viðkomandi birgða eða þjónustu skv. undirverktöku frá öðrum aðila nógu tímanlega þannig að verktaki geti staðið við þá afhendingaráætlun um krafa er gerð um.

(e) Ef samningi þessum er sagt upp vegna vanefnda, er stjórnvöldum heimilt að krefjast þess að verktaki afsali sér og afhendi stjórnvöldum, skv. tilmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), öllum (1) tilbúnum birgðum, og (2) birgðum og efnum sem eru að hluta tilbúin, hluti, verkfæri, litunarefni, innréttingar, uppdrætti, teikningar, upplýsingar og samningsrétt (samheiti „framleiðsluefni" í þessari grein) sem verktaki hefur sérstaklega unnið eða aflað til nota á þeim tíma samnings sem uppsögn tekur til. Við móttöku tilkynningar frá yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) skal verktaki jafnfram vernda og varðveita eignir sem eru í hans vörslu og stjórnvöld eiga hagsmuni í.

(f) Stjórnvöld skulu greiða samningsverð fyrir tilbúnar birgðir sem afhentar eru og samþykktar hafa verið. Verktaki og yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) skulu ná samkomulagi um upphæð greiðslu vegna framleiðslubirgða, sem afhentar eru og samþykktar, og vegna varðveislu og verndar eigna. Nái þeir ekki samkomulagi skal ágreiningurinn falla undir greinina um ágreining (Disputes clause). Stjórnvöldum er heimilt að halda eftir sérhverri upphæð úr slíkri greiðslu skv. ákvörðun yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) til þess að koma í veg fyrir tjón stjórnvalda vegna útistandandi veða eða krafna fyrrverandi veðhafa.

(g) Ef ákveðið er eftir samningsuppsögn að verktaki hafi ekki orðið sekur um vanefndir eða að vanefndir eigi sér réttlætanlegar ástæður, skulu réttindi og skyldur samningsaðila vera þær sömu og ef um uppsögn vegna hagsmuna stjórnvalda væri að ræða.

(h) Réttindi og úrræði stjórnvalda í þessari grein eru til viðbótar sérhverjum öðrum réttindum og úrræðum skv. lögum og samningi þessum.

(lok greinar)

III. Verktaki skal virða eftirfarandi FAR greinar nema aðstæður eigi ekki við:

A. Greinin hér á eftir er framkvæmd lagaákvæða eða stjórnsýslutilskipunar:

<u>52.211-5: Varnarforgangur og úthlutunarkröfur (sept. 1990)(15 U.S.C. 700)</u>

Þetta er flokkuð (GUÐM ATH) pöntun sem skilgreind er vegna þjóðvarnarnota og skal verktaki virða allar kröfur reglugerðar um varnarforgang og úthlutunarkerfi (15 CFR 700) (Defense Priorities and Allocations System regulation).

(lok greinar)

B. Hér á eftir eru viðbótargreinar sem kunna að eiga við:

52.232-18: Fyrirliggjandi fjármagn (apr. 1984)

Sem stendur er ekki fjármagn fyrir hendi varðandi samning þennan. Skyldur stjórnvalda skv. samningi þessum eru háðar því hvort fjármagn sé fyrirliggjandi og hafi verið úthlutað vegna samningsútgjalda. Ekki skapast nein skaðabótaábyrgð af hendi stjórnvalda vegna greiðslna fyrr en yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur verið úthlutað fjármagni vegna þessa samnings og þangað til að verktaki móttekur tilkynningu um að fjármagn sé fyrir hendi, og skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) staðfesta slíkt skriflega.

(lok greinar)

52.245-2: Opinberar eignir (samningar um fast verð) (des. 1989)

(a) *Opinberar eignir.* (1) Stjórnvöld skulu afhenda verktaka til nota vegna framkvæmdar samnings þessa, þær opinberu eignir sem lýst er í verkáætlun eða skilgreiningum ásamt viðkomandi gögnum og upplýsingum sem verktaki kann að óska og sanngjarnt er að sé þörf vegna þeirra nota sem eignunum er ætlað (héreftir nefnt „opinberar eignir").

(2) Afhendingar- og framkvæmdadagsetningar skv. samningi þessum byggjast á því að gert er ráð fyrir að opinberar eignir, sem hentugar eru til notkunar (nema eignir sem lagðar eru fram á „eftir þörfum" grundvelli), verði afhentar verktaka á þeim tímapunktum sem tilgreindir eru í verkáætlun eða, ef ekkert slíkt er tekið fram, á fullnægjandi tíma til þess að gera verktaka kleift að standast afhendingar- og framkvæmdadagsetningar.

(3) Ef verktaki tekur við opinberum eignum í ástandi sem gerir þær óhæfar til þeirra nota sem til er ætlast, skal verktaki við móttöku þeirra tilkynna yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) um það, og skal veita nákvæmar upplýsingar og á grundvelli fyrirmæla yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) annaðhvort gera við þær á kostnað hins opinbera, aðlaga eða skila þeim, eða ráðstafa þeim á annan hátt. Eftir að hafa gripið til þeirra ráðstafana, sem fyrirmæli eru gefin um og skv. skriflegri beiðni verktaka, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) grípa til sanngjarnra ráðstafana skv. málsgr. (h) þessarar greinar.

(4) Ef verktaka er ekki afhentar opinberar eignir á tilgreindum tíma skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer), eftir að hafa móttekið skriflega beiðni verktaka, taka ákvörðun varðandi þá seinkun, ef einhver, sem verktaki verður fyrir vegna þessa, og skal hann grípa til sanngjarna ráðstafana skv. málsgr. (h) þessarar greinar.

(b) *Breytingar á opinberum eignum*. (1) Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt, með skriflegri tilkynningu, (i) að fækka opinberum eignum, sem látnar eru í té eða láta á í té skv. samningi þessum, eða (ii) leggja fram aðrar opinberar eignir í stað þeirra eigna sem stjórnvöld eiga að láta í té, eða sem verktaka ber að afla fyrir stjórnvöld skv. samningi þessum. Verktaki skal strax gera þær ráðstafanir, sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) kann að gefa fyrirmæli um varðandi fjarlægingu, flutning eða frágang þeirra eigna sem slík tilkynning tekur til.

(2) Skv. skriflegri beiðni verktaka skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gera sanngjarna aðlögun á samningi í samræmi við málsgr. (h) þessarar greinar ef stjórnvöld hafa samþykkt í verkáætlun að útvega eignir vegna framkvæmdar samnings þessa og ef um er að ræða einhverja…

(i) fækkun eða staðgengd viðkomandi eignar skv. undirmálsgr. (b)(1) þessarar greinar, eða

(ii) vegna niðurfellingar heimildar til að nota viðkomandi eign ef heimild er veitt í öðrum samningi eða leigu.

(c) *Eignarhald opinberra eigna*. Eignarhald stjórnvalda á opinberum eignum helst óbreytt.

(2) Allar opinberar eignir sem verktaki fær, og eru skráðar sem opinberar eignir skv. þessari grein (samheiti ,,opinberar eignir"), falla undir ákvæði þessarar greinar. Sérstök verkfæri sem tengjast samningi þessum skulu, hins vegar, falla undir ákvæði sérstakrar verkfæragreinar en ekki ákvæði þessarar greinar. Eignarhald opinberra eigna breytist ekki við innfellingu þeirra eða tengingu við neina eign sem ekki er í eigu stjórnvalda. Jafnframt skulu opinberar eignir ekki verða hluti innréttinga eða að tapa skilgreiningu sinni sem opinberar eignir með tengingu þeirra við aðrar eignir ANY REAL PROPERTY. GUÐM: ATH.

(3) Eignarhald sérhvers hluta aðstöðu eða sérstaks prófunarbúnaðar, sem verktaki fær fyrir hönd stjórnvalda skv. samningi þessum, tilheyrir og fellur til stjórnvalda þegar notkun hans skv. samningi þessum lýkur, eða þegar stjórnvöld hafa greitt fyrir hann, hvort heldur verður fyrst, án tillits til þess hvort yfirlýsing um eignarhald stjórnvalda hafi verið gerð eða ekki.

(4) Ef í samningi þessum er að finna ákvæði þar sem verktaka er gert að kaupa efni, sem stjórnvöld endurgreiða honum, þ.e. hlutur sem fellur undir samningskostnað…

(i) skal eignarhaldsyfirlýsing þess efnis sem keypt er frá söluaðila fyrir stjórnvöld verða á nafn þeirra við afhendingu og

(ii) eignarhald allra annarra efna færast á hendur stjórnvalda við…

(A) afhendingu efnis til nota við framkvæmd samnings;

(B) úrvinnslu efnis eða notkunar þess við framkvæmd samnings, eða

(C) endurgreiðslu stjórnvalda á efniskostnaði, hvert heldur gerist fyrr.

(d) *Notkun opinberra eigna*. Opinberar eignar skulu einungis notaðar við framkvæmd samnings þessa nema annað sé tilgreint í samningnum eða sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) samþykkir.

(e) *Stjórnun eigna.* (1) Verktaki skal vera fjárhagslega ábyrgur fyrir öllum opinberum eignum sem samningur þessi veitir aðgang að og skal hann fara eftir FAR reglum, hluta 45.5., eins og í gildi eru við undirskrift samnings þessa.

(2) Verktaki skal setja gera og viðhalda áætlun um notkun, viðhald, viðgerðir, vernd og varðveislu opinberra eigna í samræmi við viðteknar venjur þar að lútandi og skv. viðeigandi ákvæðum hluta 45.5 FAR.

(3) Verði tjón á opinberri eign, en stjórnvöld bera áhættu þar um skv. samningi þessum, skulu stjórnvöld útvega aðra hluti í staðinn eða verktaki gera við þá skv. fyrirmælum stjórnvalda. Ef verktaki er ófær um að sinna slíkum viðgerðum innan tilgreinds tíma skal hann gera viðeigandi ráðstafanir varðandi eignina skv. fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Þegar skipt er um eða gert við einhverja opinbera eign, sem stjórnvöld bera ábyrgð á, skal yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gera sanngjarna aðlögun skv. málsgr. (h) þessarar greinar.

(4) Verktaki staðfestir að í samningsverði er ekki innifalin nein upphæð vegna viðgerðar eða útskiptingar hluta sem eru á ábyrgð stjórnvalda. Viðgerðir eða útskipting eigna, sem verktaki ber ábyrgð á, skal framkvæmd af honum á hans kostnað.

(f) *Aðgengi.* Stjórnvöld og fulltrúar þeirra skulu hafa eðlilegt aðgengi að þeim svæðum þar sem opinberar eignir eru vegna eftirlits með viðkomandi opinberum eignum.

(g) *Hætta á tapi.* Nema annað sé tilgreint í samningi þessum, skal verktaki bera áhættuna af og bera ábyrgð á sérhverju tapi, eyðileggingu eða tjóni á opinberum eignum við afhendingu þeirra á hendur verktaka, eða við afhendingu eignarhalds til stjórnvalda skv. málsgr. (c) þessarar greinar. Verktaki er hins vegar ekki ábyrgur fyrir eðlilegu sliti opinberra eigna eða fyrir opinberum eignum sem gengur á við framkvæmd samnings þessa.

(h) *Sanngjörn aðlögun.* Þegar málsgr. þessi tilgreinir hugtakið „eðlileg aðlögun", skal slíkt eiga við um sérhverja viðkomandi grein ásamt ákvæðum greinar um breytingar (Changes clause). Yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer) er heimilt, eftir því sem við á, að grípa til sanngjarnrar aðlögunar til verndar hagsmunum stjórnvalda. Réttur til sanngjarnar aðlögunar skal vera THE CONTRACTOR'S EXCLUSIVE REMEDY (GUÐM. VIÐ HVAÐ ER ÁTT Í ÞESSUM SETNINGARHLUTA?). Ekki skal vera unnt að lögsækja stjórnvöld á grundvelli samningsbrota vegna…

(1) seinkunnar á afhendingu opinberra eigna,

(2) afhendingar opinberra eigna í þannig ástandi að ekki er hægt að nota þær eins og til er ætlast,

(3) minni eða staðgengd opinberra eigna, eða

(4) þess að eigi hafi verið gert við eða skipt um opinberar eignir sem stjórnvöld bera ábyrgð á.

(i) Lokauppgjör og ráðstöfun opinberra eigna. Við samningslok, eða á þeim tímapunkti þar áður sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) ákveður, skal verktaki afhenda, í ásættanlegu ástandi skv. áliti yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), lista yfir alla þá hluti sem teljast opinber eign (þ.m.t. afgangar) sem ekki voru að fullu nýttir við framkvæmd samnings þessa eða hafa verið afhentir stjórnvöldum. Verktaki skal útbúa til flutnings, afhendingar, f.o.b., eða ráðstöfunar opinberar eignir skv. fyrirmælum þar að lútandi eða heimild yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer). Tekjur slíkrar ráðstöfunar skulu lækka samningsverð eða greiddar stjórnvöldum skv. fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(j) *Frágangur og endurgerð vinnusvæðis verktaka.* Nema annað sé ákveðið…

(1) er stjórnvöldum heimilt að skilja sérhverja opinbera eign eftir, en í slíkum tilvikum falla niður allar skyldur stjórnvalda varðandi þær eignir sem skildar eru eftir, og

(2) hafa stjórnvöld engar skyldur, undir neinum kringumstæðum, til þess að endurgera eða endurbyggja vinnusvæði verktaka (þ.e. mega skilja eftir, ráðstafa við lok notkunar eða við samningslok). Ef opinberar eignir (skv. verkskrá eða skilgreiningum) eru teknar eða þær reynast óhæfar til þeirra nota sem til er ætlast, eða ef aðrar eignir stjómvalda eru ekki staðgengdar, skal sanngjörn aðlögun skv. málsgr. (h) þessarar greinar heimila frágangs- og endurgerðarkostnað.

(k) *Samskipti*. Öll samskipti aðila skv. þessari grein skulu vera skrifleg.

(1) *Samningar erlendis.* Ef framkvæma á samning þennan utan Bandaríkjanna, svæða þeirra eða eigna, skulu hugtökin „stjórnvöld" og "opinberar eignir" (þar sem þau eru notuð í þessari

grein) eiga við um „stjórnvöld Bandaríkjanna" og „opinberar eignir Bandaríkjanna", eftir því sem við á. (Lok greinar).

52-253-1: Eyðublöð á tölvum (jan. 1991)

(a) Heimilt er að leggja fram öll gögn, sem krafist er að séu á Standard eða Optional Form skv. FAR reglum, í tölvuútfærslu eyðublaðanna, *enda* séu engar breytingar gerðar á fyrirsögnum, innihaldi eða upprðun upplýsingaþátta viðkomandi eyðublaðs, og svo fremi að eyðublaðið beri Standard eða Optional Form númer eða útgáfudagsetningu.

(b) Heimilt er, nema reglur stofnana banni slíkt, að leggja fram gögn sem krafist er á viðkomandi eyðublaði stofnunar og sem er fylgiskjal FAR, í tölvutæku formi, enda séu engar breytingar gerðar á fyrirsögnum, innihaldi, eða upprðun upplýsingaþátta viðkomandi eyðublaðs, og svo fremi að eyðublaðið beri númer stofnunar og útgáfudagsetningu.

(c) Leggi verktaki fram eyðublað í tölvutæku formi og það er öðruvísi en eyðublaðið sem krafist er, verða réttindi og skyldur samningsaðila ákveðnar á grundvelli innihalds þess eyðublaðs sem krafist er.

(lok greinar)

IV. Verktaki skal virða eftirfarandi málsgreinar DFARS um opinber aðföng. Greinar þær, sem um ræðir, eru eins og að neðan greinir:

252.232-7008: Framsal krafna (erlendis)(jún. 1997)

(a) Verktaki skal ekki framselja neinar peningalegar kröfur, sem gjaldfallnar eru eða sem munu gjaldfalla, nema…

(1) að fengnu skriflegu samþykki yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer),

(2) slíkt sé í samræmi við bandarísk lög og reglugerðir, og

(3) lög og reglur heimalands verktaka heimili slíkt.

(b) Aldrei skal afhenda neinum framsalshafa krafna skv. samningi þessum eða neinum öðrum einstaklingi, sem eigi hefur til þess heimild, eintök samnings þessa eða uppdrætti, skilgreiningar eða sambærileg gögn sem varða verk skv. samningi þessum ef þau eru merkt sem „Top Secret", „Secret" eða „Confidential". Þó skal heimilt að afhenda eintak af hluta samnings þessa eða hlutum hans, eða upplýsa má framsalshafa um efnisinnihald hans að fenginni fyrirfram skriflegri heimild yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer).

(c) Framsal skv. samningi þessum skal taka til allra upphæða, sem greiða á skv. samningnum og hafa ekki þegar verið greiddar, en þó eigi á hendur fleiri en eins aðila, en þó skal slíkt framsal heimilt á hendur eins aðila sem er umboðsaðili eða trúnaðarmaður tveggja eða fleiri aðila sem taka þátt í slíkri fjármögnun. Reikningur eða úttektarmiði VOURCHER, sem lagður eru fram til greiðslu skv. samningi þessum og framsal á við um, og bein greiðsla skal eiga sér stað í hendur framsalshafa, skal þannig úr garði gerður að verktaki…

(1) tilgreinir framsalshafa með nafni og nákvæmu heimilisfangi, og

(2) staðfestir gildi framsals og rétt tilgreinds framsalshafa til þess að taka við greiðslu þeirra upphæðar sem reikningur eða úttektarmiði VOUCHER á við.

(lok greinar)

252.242-7000: Samráðsfundir að loknu verki)des. 1991)

Verktaki samþykkir að taka þátt í samráðsfundum að loknu verki sem verksamnings- eða samningsumsýslustofnun heldur skv. FAR 42.5

(lok greinar)

252.243-7001: Verðlagning breytinga á samningi (des. 1991)

Þegar kostnaður er þáttur í verðaðlögun skv. samningi þessum skulu kostnaðarviðmið og ferli í FAR, hluti 31, og DFARS, hluti 231, á dagsetningu samnings þessa, eiga við.

(lok greinar)

V. Verktaki skal virða eftirfarandi FAC málsgreinar. Greinar þær, sem um ræðir, eru eins og að neðan greinir:

5252.201-9300: Valdsvið yfirmanns verksamningsgerðar (jún. 1994)

Ekkert samkomulag eða samningur milli verktaka og neins annars opinbers starfsmanns en yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) um neinn samning, aðlögun, breytingu, bréfleg eða munnleg fyrirmæli til verktaka, skal vera á nokkurn hátt bindandi fyrir stjórnvöld. Allar slíkar aðgerðir skulu ákveðnar með viðeigandi samningi sem tilnefndur yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) gerir. Verktaka er hér með tilkynnt að í því tilviki að annar opinber starfsmaður en yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) mæli fyrir um breytingar á þeirri vinnu sem framkvæmd er, eða auki umfang verks sem framkvæmt er, er það skylda verktaka að hafa samband við yfirmann verksamningsgerðar (Contracting Officer) áður en nokkurt verkfrávik er gert. Greiðslur verða ekki inntar af hendi nema tilnefndur yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer), sem hefur umboð til þess að skuldbinda stjórnvöld, samþykkir þær.

(lok greinar)

5252.209-9300: Skipulagslegir hagsmunaárekstrar (jún. 1994)

Takmarkanir þær, sem tilgreindar eru í þessari grein, skulu eiga við um verktaka og tengd fyrirtæki skv. samningi þessum. Ef verktaki, sem hlutdeild á í samningi þessum, undirbýr eða aðstoðar við undirbúning yfirlýsingar um verk, skilgreiningar og áætlanir, skal verktaki og tengd fyrirtæki vera óhæf til þess að bjóða í eða taka þátt í tilboði á hvaða hátt sem er, á hvaða samningslegan hátt sem er, og sem byggist á slíkri yfirlýsingu um verk, skilgreiningar og áætlanir, sem aðalverktaki, undirverktaki eða sambærilegt. Verktaki skal eigi innifela í vörum sínum eða þjónustu slíka yfirlýsingu um verk eða skilgreiningar nema að fengnum skriflegum fyrirmælum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Offic er), en í slíku tilviki eiga takmarkanir þessar ekki við. Grein þessi skal vera í samningi þessum og í samningum við undirverktaka eða ráðgjafa vegna framkvæmdar samnings þessa. GUÐM. ATH ALLA GREININA.

(lok greinar)

5252.215-9300: Efnisinnihald tillagna (nóv. 1998)

KRÖFUR VARÐANDI TILLÖGUR. (a) Leggja skal fram sér tæknitillögu, annars vegar, og verð-/kostnaðartillögu, hins vegar. Ekki skulu vera neinar kostnaðar-/verðupplýsingar í tæknitillögunni, nema upplýsingar um laun sem fram koma í starfsferilslýsingum. Tæknitillagan, sem tilboðsgjafi er verkið hlýtur leggur fram, verður innifalin í samningi við úthlutun verks. (b) Tilboðsgjafi skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar: (1)(#) Fullfrágengin og undirrituð tilboðsgögn, þ.m.t. umboð og skírteini, greinargerð um frádrætti og kostnað/verð í kafla B. (2)(#) Afrit af tæknitillögu. (3)(#) Afrit af kostnaðar-/verðtillögu. (c) TÆKNITILLAGA. Tæknitillögur skulu vera nákvæmar að öllu leyti og fullfrágengnar, og þær skulu endurspegla nákvæma þekkingu og skilning á þeim kröfum sem gerðar eru. Að lágmarki, skal tæknitillaga vera nægjanlega nákvæm svo unnt sé að meta hana á grundvelli ákvæða MATSÞÁTTA, kafla M. (d) VERÐ-/KOSTNAÐARTILLAGA. Verð-/kostnaðartillögur skulu sýna nákvæma útreikninga á vinnuaflskostnaði, beinum efniskostnaði (magn, tegund og einingarverð); kostnaði vegna undirvertaka, fastakostnaði, almennum og stjórnunarkostnaði, og hagnaði.

(lok greinar)

5252.237-9300: Greinargerð um frádrætti (nóv. 1998)

Verktaki, sem hlýtur verk, skal leggja fram innan 15 daga frá úthlutun þess fullnægjandi greinargerð um frádrætti á verktíma og fyrir hvert ár skv. verksamningi. Verk skal ekki hafið fyrr en yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) hefur samþykkt slíka greinargerð um frádrætti. Heildarupphæð greinargerðar um frádrætti skal vera sama upphæð og fram kemur í CONTRACT LINE ITEM (opið á eyðublaði). Verði samningur þessi aðlagaður af einhverjum ástæðum, þ.m.t. vegna beitingar ákvæða um valkosti, og ef slík aðlögun hefur áhrif á greinargerð um frádrætti, skal verktaki leggja fram endurskoðaða greinargerð um frádrætti eigi síðar en 15 dögum eftir dagsetningu viðkomandi samningsaðlögunar. Verð, sem fram kemur í greinargerð um frádrætti, verður notað í sambandi við greinina „AFLEIÐLEIÐINGAR VANEFNDA VERKTAKA VIÐ FRAMKVÆMD KRAFINNAR ÞJÓNUSTU" (CLAUSE: CONSEQUENCES OF THE CONTRACTOR'S FAILURE TO PERFORM REQUIRED SERVICE) við ákvörðun um frádrætti frá samningsverði vegna vinnu sem ekki er framkvæmd eða óásættanlegrar framkvæmdar.

Stemmi ekki tölur í framlagðri greinargerð um frádrætti verður samþykki ekki veitt og krefjast skal nýrrar greinargerðar sem stemmir. Leggi verktaki ekki fram samþykkta greinargerð um frádrætti skapar slíkt grundvöll UPPSAGNAR SAMNINGS VEGNA VANEFNDA. Stjórnvöld áskilja sér rétt til þess að gera einhliða greinargerð um frádrætti í því tilviki að verktaki, sem verk hlýtur, láti hjá líða að leggja fram greinargerð um frádrætti innan 15 almanaksdaga frá því að tilboði hans er tekið eða ef hann leggur fram greinargerð um frádrætti sem stemmir ekki, eða á henni eru afgerandi gallar. Samþykkt greinargerð um frádrætti skal vera hluti samnings. Ekki skal leggja fram greinargerð um frádrætti með tilboði.

(lok greinar)

5252.242-9300: Fulltrúar stjórnvalda (okt. 1996)

Tilnefndur fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) mun hafa yfirumsjón með verksamningi. Ekki skal undir neinum kringumstæðum neitt samkomulag eða samningur, fyrirmæli um breytingu eða önnur frávik samningsákvæða milli verktaka og neins einstaklings annars en yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) koma til

framkvæmda eða skuldbinda stjórnvöld, nema að slíkt sé gert með viðeigandi, formlegum gögnum á vegum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer) fyrir samningslok.

Tilnefndir fulltrúar skulu vera eins og hér segir:

- Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer's Representative - COR) verður tilnefndur af yfirmanni verksamningsgerðar (Contracting Officer). Fulltrúi yfirmanns verksamningsgerðar (COR) sér um eftirlit með framkvæmdum og tæknilega stjórnun verks skv. samningi þessum, og skal verktaki snúa sér til hans með fyrirspurnir eða vandkvæði af tæknilegum toga.

- Tilnefndur samningssérfræðingur (Contract Specialist) verður fulltrúi framkvæmdasviðs yfirmanns verksamningsgerðar (Administrative Contracting Officer's Representative) í öllum málum er lúta að stjórnunarþáttum. Hafa skal samband við samningssérfræðinginn um öll mál er lúta að samningnum eða verk-/birgðabeiðnir.

- Tilnefndur eignaeftirlitsfulltrúi er fulltrúi framkvæmdasviðs yfirmanns verksamningsgerðar (Administrative Contracting Officer's Representative) um málefni er lúta að eignum. Hafa skal samband við eignaeftirlitsfulltrúann um öll mál er lúta að eignastjórnun.

(lok greinar)

<u>5252.242-9305: Fundur áður en verk hefst (júl. 1995)</u>

Eigi síðar en _____ dögum eftir að tilboði hefur verið tekið og áður en verk hefst, skal verktaki eiga fund með fulltrúum yfirmanns verksamningsgerðar (Contracting Officer), á degi sem yfirmaður verksamningsgerðar (Contracting Officer) ákveður, til umræðna og gagnkvæms samráðs um áætlanir og framkvæmd viðkomandi verks.

(lok greinar)

<u>5252.246-9303: Afleiðingar vanefnda verktaka við framkvæmd krafinnar þjónustu (mar. 1996)</u>

Verktaki skal framkvæma allt sem krafist er í samningi þessum. Stjórnvöld munu beita einni eða fleiri eftirlitsaðferðum sem tilgreindar eru hér á eftir og mun draga upphæðir frá á reikningum verktaka eða halda eftir greiðslum á annan hátt ef um er að ræða ófullnægjandi framkvæmd eða ef vanefndir á framkvæmdum eiga sér stað. Stjórnvöld áskilja sér rétt til þess að breyta eftirlitsaðferðum hvenær sem henta þykir á samningstíma án þess að tilkynna verktaka um það.

(a) TÖLFRÆÐILEG FRAMREIKNINGSAÐFERÐ. Stjórnvöldum er heimilt að beita tölfræðilegri framreikningseftirlitsaðferð (dæmi af handhófi vegna framreiknaðs frádráttar) varðandi sérhvert samningsákvæði til þess að meta hvort verktaki virði þau. Vanefndir verða síðan framreiknaðar á grundvelli mánaðarvinnu til að meta fjölda tilvika um ófullnægjandi vinnu. Mánaðarvinna er heildarfjöldi verkþátta sem krafist er að framkvæmdir séu í hverjum mánuði.

(b) AÐRAR EFTIRLITSAÐFERÐIR. Stjórnvöldum er heimilt að beita öðrum eftirlitsaðferðum til þess að meta hvort verktaki virði ákvæði verksamnings. Slíkar aðferðir eru m.a., en þó ekki takmarkaðar við, fullt eftirlit, handahófseftirlit án framreiknaðs frádráttar, og skipulagt eftirlit sem megineftirlitsaðferð, og síðan tilviljunarkennt eftirlit, og á grundvelli

staðfestra umkvartana sem auk aeftirlitsaðferð. Við framkvæmd þessara eftirlitsaðferða verður frádráttur útreiknaður í hverju tilviki ágalla sem vart verður.

(c) FERLI. Ef um er að ræða ófullnægjandi framkvæmd eða að framkvæmd hefur ekki átt sér stað, er stjórnvöldum…

(1) heimilt að tilkynna verktaka skriflega að ágalla hafi orðið vart áður en frádráttur er gerður vegna ófullnægjandi framkvæmdar eða framkvæmd hefur ekki átt sér stað og/eða að uppgert tjón sé metið. Slík skrifleg tilkynning skal ekki vera forsenda þess að haldið sé eftir greiðslu vegna framkvæmda sem ekki hafa átt sér stað. Stjórnvöldum er heimilt að tilgreina, skv. neðangreindu, að uppgert tjón kunni að falla á verktaka. Slíku uppgerðu tjóni er ætlað að bæta stjórnvöldum framkvæmdakostnað og annan kostnað sem hlýst af ófullnægjandi framkvæmd eða framkvæmd hafi ekki átt sér stað,

(2) heimilt, ef þau kjósa svo, að veita verktaka tækifæri til þess að endurframkvæma ófullnægjandi verkþátt eða verkþátt sem ekki hefur verið framkvæmdur án aukakostnaður fyrir stjórnvöld. Þegar um er að ræða daglegan verkþátt, skal úrbótum lokið innan _____ klukkustunda frá því er verktaki fær tilkynningu þar um. Þegar um er að ræða aðra verkþætti, skal úrbótum lokið innan _____ klukkustunda frá því er verktaki fær tilkynningu þar um. Jafnframt er stjórnvöldum heimilt að meta uppgert tjón, eins og vísað er til hér að framan, að upphæð sem er _____% af verðgildi allra ágalla sem vart hefur orðið.

Frumniðurstöðum eftirlits á vinnu verktaka verður ekki breytt GUÐM. ATH við endureftirlit. Verktaka verður hins vegar greitt for endurframkvæmda vinnu sem fullnægjandi telst.

(3) heimilt að draga frá á reikningum verktaka allar upphæðir sem tengjast ófullnægjandi vinnu eða framkvæmd sem ekki hefur átt sér stað, á verði sem tilgreint er í greinargerð um frádrætti eða sem gert er ráð fyrir í öðrum ákvæðum samnings þessa, nema verktaka sé gert að endurtaka og ljúka á fullnægjandi hátt þeim verkþætti sem um ræðir. Jafnframt er stjórnvöldum heimilt að meta uppgert tjón, eins og vísað er til hér að framan, að upphæð sem er _____% af verðgildi allra ágalla sem vart hefur orðið.

(4) heimilt, ef þau kjósa svo, að láta opinbera starfsmenn eða aðra framkvæma viðkomandi verkþátt. Stjórnvöld munu lækka upphæð þá, sem greiða á verktaka, sem nemur því sem greitt er viðkomandi opinberum starfsmönnum (miðað við laun, lífeyrisgreiðslur og hlunnindi) að viðbættum efniskostnaði, eða raunkostnaði þess að ljúka framkvæmdum á annan hátt. Ef ekki er unnt að ákvarða raunkostnað á skýran hátt skal nota verð, sem tilgreint er í greinargerð um frádrátt (SCHEDULE) sem grundvöll frádráttar. Jafnframt er stjórnvöldum heimilt að meta uppgert tjón, skv. ofangreindu, sem ___% af útreiknuðum kostnaði. (d) Verktaki skal sjá um og viðhafa virka gæðaeftirlitsáætlun á samningstíma. Vanefndir vegna fullnægjandi gæðaeftirlits kunna að leiða til uppsagnar vegna vanefnda. (e) Endurgerð verktaka á framkvæmdaþætti þýðir hvorki að stjórnvöld afsali sér rétti til þess að segja upp samningi vegna vanefnda skv. PAR gr. 52.249-8 “VANEFNDIR (FASTAVERÐS BIRGÐIR OG ÞJÓNUSTA) (DEFAULT (FIXED-PRICE SUPPLY AND SERVICE) í kafla I né að grípa til aðgerða sem lög gera ráð fyrir vegna vanefnda. (f) Ef um VARÐSTÖÐUÞJÓNUSTU er að ræða og verktaki sinnir ekki þeirri skyldu sinni að útvega til þess bært starfsfólk eða að tilgreint svæði sé ómannað í samtals _____ mínútur á vakt, er stjórnvöldum heimilt að tilnefna aðra einstaklinga til þess að sinna slíkum störfum eða að draga upphæðir frá reikningi verktaka eins og tilgreint er hér á eftir; (1) þegar varðstöðuþjónusta er veitt af opinberum

starfsmönnum, skulu frádrættir útreiknaðir á grundvelli núverandi launaskala bandarískra opinberra starfsmanna, þ.m.t. laun, lífeyrisgreiðslur og hlunnindi sem opinberir starfsmenn (opinber ir starfsmenn eða hermenn) sem raunverulega önnuðust slík störf fá. Jafnframt er stjórnvöldum heimilt að meta uppgert tjón, sem vísað er til hér að ofan, sem ___% hlutfall útreiknaðs kostnaðar. (2) Þegar varðstöðuþjónusta, sem verktaki sinnir ekki, er fengin með öðrum samningi, munu stjórnvöld draga frá reikningi verktaka upphæð sem samsvarar þeim kostnaði sem stjórnvöld verða fyrir vegna annars samnings. Jafnframt er stjórnvöldum heimilt að meta uppgert tjón, sem vísað er til hér að ofan, sem ___% hlutfall útreiknaðs kostnaðar sem af þessu hlýst. (3) Í því tilviki að stjórnvöld útvega ekki varðstöðu og að vinnu þeirri er ekki sinnt, munu stjórnvöld draga frá reikningi verktaka upphæð sem samsvarar þeim kostnaði sem stjórnvöld yrðu fyrir með því að láta opinbera starfsmenn sinna þeirri vinnu. Jafnframt er stjórnvöldum heimilt að meta uppgert tjón, sem vísað er til hér að ofan, sem ___% hlutfall útreiknaðs kostnaðar sem af þessu hlýst. Verktaki skal vera skaðabótaskyldur vegna eignataps stjórnvalda sem bein afleiðing þess að verktaki útvegar ekki þá starfsmenn sem krafist er.

(5) Útreikningur kostnaðar þess að starfsmenn stjórnvalda sinni störfum sem verktaki sinnir ekki skal vera skv. FAR 52.222-42, „YFIRLIT UM JAFNGILDISVERÐ OPINBERRA RÁÐNINGA" (STATEMENT OF EQUIVALENT RATE FOR FEDERAL HIRES".

(lok greinar)

<u>5252.246-9304: Mat á verði vinnu sem eigi er innt af hendi eða hún ófullnægjandi (jún. 1994)</u>

Skv. kaflanum „AFLEIÐINGAR VANEFNDA VERKTAKA VIÐ FRAMKVÆMD KRAFINNAR VINNU" (CONSEQUENCES OF THE CONTRACTOR'S FAILURE TO PERFORM REQUIRED WORK) , gr. FAC 5252-246-9303, er reikningsfrádráttur heimill vegna óframkvæmdra verkþátta eða ófullnægjandi framkvæmdir. Ef ekki er unnt að ákveða verð óframkvæmdra verkþátta eða ófullnægjandi framkvæmdar, á grundvelli verðs í greinargerð um frádrætti (SCHEDULE) eða á grundvelli raunverulegs kostnaðar stjórnvalda, er heimilt að beita matsaðferðum. Beita má EPS (ENGINEERED PERFORMANCE STANDARDS) eða öðrum matsaðferðum við mat á kostnaði vegna óframkvæmdra verkþátta eða kostnað sem til kemur vegna úrbóta á ófullnægjandi verkþáttum. Stjórnvöldum er heimilt að meta kostnað á grundvelli launaskala og hlunninda sem eru hluti launaákvarðana í samningi. Stjórnvöld meta fastakostnað verktaka og hagnaðartölur, og meta efniskostnað eftir því sem við á. Reiknað verður út uppgert tjón til þess að bæta stjórnvöldum stjórnunarkostnað og annan kostnað, sem leiðir af óframkvæmdum verkþáttum eða ófullnægjandi framkvæmd, skv. kaflanum um „AFLEIÐINGAR VANEFNDA VERKTAKA VIÐ FRAMKVÆMD KRAFINNAR VINNU" (CONSEQUENCES OF THE CONTRACTOR'S FAILURE TO PERFORM REQUIRED WORK).

(lok greinar)